

Lögmannaþingið



8. árgangur
Október
3/2002

- Framtíð laganáms á Íslandi
- Skipting lífeyrisréttinda
- Forsætisfundur norrænu lögmannafélaganna
- NIR rástefna í Reykjavík
- Lögmenn á slóðum Einars Ben.
- Námsferð til New York





SPARAÐU TÍMA

MEÐ AÐGANGI AÐ HÆSTARÉTTARDÓMUM OG LAGASAFNI

HÆSTARÉTTARDÓMAR

Lánstraust hf. hefur skráð á tölvutækt form alla hæstaréttardóma frá 1958 og eru þeir aðgengilegir á www.lt.is.

Hæstaréttardómunum fylgja einnig þeir héraðsdómar sem áfrýjað var.

Öflug leitarvél er tengd dómasafninu og er mögulegt er að leita eftir ýmsum leitarskilyrðum í senn.

Einnig er hægt að finna alla dóma sem t.d. varða tiltekna lagagrein eða reglugerð.

LAGASAFN

Lagasafnið er gefið út á geisladiski tvisvar á ári og er það uppfært í samræmi við breytingar á löggjöf.

Allar nánari upplýsingar, adgangur@lt.is eða 550-9600.

L Á N S T R A U S T H F.

Lögmannablaðið

LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS:

Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Sími (tel.): 568-5620
Bréfsími (fax): 568-70567
Tölvupóstur: (E-mail):
lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

STJÓRN LMFÍ

Gunnar Jónsson hrl.,
formaður
Helgi Jóhannesson hrl.,
varaformaður
Jóhannes Karl Sveinsson hrl.,
gjaldkeri
Lára V. Júlíusdóttir hrl.,
ritari
Aðalsteinn E. Jónasson hrl.,
meðstjórnandi

STARFSFÓLK LMFÍ:

Ingimar Ingason
framkvæmdastjóri
Eyrún Ingadóttir
félagsdeild
Guðny Gísladóttir
ritari

Blaðið er sent öllum
félagsmönnum.
Ársáskrift
fyrir utanfélagsmenn
kr. 1.500 + vsk.
Verð pr. tölublað
kr. 300 + vsk.

NETFANG RITSTJÓRNAR:
ritstjori@lmfi.is

PRENTVINNSLA:
Gutenberg

UMSJÓN AUGLÝSINGA:
Óflun ehf.,
sími 533 4440

- 4 ÞÓRÐUR BOGASON:
Frá ritstjórn
- 6 INGIMAR INGASON:
Forsætisfundur norrænu lögmannafélaganna
- 10 LÚÐVIK E. KAABER:
Lögmennt á slóðum Einars Benediktssonar skálds
- 13 Fréttadálkur
- 14 ÞÓREY S. ÞÓRDARDÓTTIR:
Skipting lífeyrisréttinda milli sjóðfélaga og maka
- 16 GUNNAR JÓNSSON:
Pistill formanns
- 19 Af Merði lögmanni
- 20 EIRIKUR TÓMASSON:
Framtíð laganáms á Íslandi – sérstaða Háskóla Íslands
- 22 ÞÓRÐUR S. GUNNARSSON:
Framtíð laganáms á Íslandi – sérstaða Háskólans í Reykjavík
- 23 INGIBJÖRG ÞORSTEINSDÓTTIR:
Framtíð laganáms á Íslandi – sérstaða Viðskiptaháskólans á Bifröst
- 25 ÞORSTEINN GUNNARSSON:
Framtíð laganáms á Íslandi – laganám við Háskólann á Akureyri
- 27 HELGI JÓHANNESON:
Skipting lífeyrisréttinda við skilnað
- 29 JÓN VILBERG GUÐJÓNSSON:
NIR ráðstefna í Reykjavík
- 31 JÓNA K. KRISTINSDÓTTIR:
Fréttir frá félagsdeild
- 32 RAGNAR H. HALL:
Námsferð til New York

Forsíðumynd: SIGRÚN V. MAGNÚSDÓTTIR

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Þórður Bogason hdl.

Ritnefnd: Berglind Svavarsdóttir hdl., Bjarki H. Diego hrl.,
Björn L. Bergsson hrl., Guðrún Björg Birgisdóttir hdl.,
Ragnar H. Hall hrl.



FRÁ RITSTJÓRN

NÝ ÖLD ER að ganga í garð í íslenskri lögfræði. Hingað til hefur enginn farið í grafgötur með um hvað sá sem kynnir sig sem lögfræðing stendur fyrir. Um er að ræða kandídat frá lagadeild Háskóla Íslands sem lokið hefur fimm ára námi til embættisprófs. Á þessari nýju öld munu hins vegar stíga fram margvíslegir flokkar lögfræðinga. Laganám mun innan skamms verða á boðstólum í fjórum háskólum. Háskólarnir stefna allir að því að bjóða tvenns konar nám, þriggja ára grunnnám og tveggja ára framhaldsmenntun. Áherslur þessara skóla eru mismunandi þótt allir eigi það sameiginlegt að gera ströngustu akademískar kröfur.

Lögmannaþingið telur mikilvægt að lögmenn, sem og aðrir lögfræðingar, fylgist grannt með þróun laganáms á Íslandi. Fyrir útgáfu þessa tölublaðs var leitað eftir því við forráðamenn laganáms í háskólunum að þeir rituðu stutta grein í blaðið er lýsti í grófum dráttum laganámi við þeirra skóla. Féllust þeir allir á það og eru hér með færðar bestu þakkir fyrir. Með þessu móti vill Lögmannaþingið vekja athygli á þróun laganámsins og telur eðlilegt að í framhaldinu verði það vettvangur vangaveltna og hugsanlega skoðanaskipta lögmanna um þau áhrif sem hún kann að hafa á stéttina. Í pistli formanns LMFÍ er vikið að þessu máli. Má taka undir með formanni að námskeið til öflunar lögmansréttinda öðlast meira vægi ef lögfræðingar úr fleiri skólum sitja það. Mjög mikilvæg er einnig sú ábending að þeir sem ljúka laganámi og mismunandi stigum þess viti að hverju þeir gangi varðandi störf.

Óhjákvæmilega vakna upp spurningar um hvaða almennu kröfur verði að gera til menntunar dómara og lögmanna þegar ljóst er að lögfræðingar framtíðarinnar eru með mismunandi bakgrunn og áherslur. Vaknar t.d. spurning um hvort unnt sé að ljúka meistaranámi í lögfræði þótt BA-gráða sé að meginstefnu til í annari fræðigrein. Nokkur dæmi eru um að Íslendingar hafi sérmenntað sig við erlenda skóla á ákveðnum sviðum lögfræði án þess að hafa lokið grunnnámi í greininni.

Það er flestum fagnaðarefni að ferskir vindar blása í íslensku laganámi. Það mun styrkja og efla fræðigreinina því væntanlega mun nú renna upp sá tími að veitt verður eðlilegu fjármagni til lagakennslu og rannsókna í íslenskri lögfræði. Hingað til hefur sá þáttur verið þjóðinni einfaldlega til vansa og lagadeildin hefur löngum verið ódýrasta rekstrareining H.Í. Ótal sóknarfæri eru fyrir lögfræðinga á vinnumarkaði og unnt er að skipuleggja nám sem t.d. beinist sérstaklega að opinberri stjórnsýslu eða hinum margvíslegu þáttum atvinnulífsins. En ljóst er að huga verður í upphafi að því hvaða áhrif þessi þróun hefur á stjórnskipun landsins því handhafar dómsvalds og þeir sem hafa leyfi til að flytja mál í umboði borgaranna fyrir þeim hafa hlotið sömu grunnmenntun hingað til. Í ljósi breytinganna er eðlilegt að spurt sé hvað muni felast í starfsheitinu lögfræðingur í náinni framtíð og hvað það sé sem þessi stétt á sér sameiginlegt?

Þórður Bogason ritstjóri.

Breytingar á félagatali

Allar breytingar um ný símanúmer, vefþing, aðsetur og fleira er uppfært heimasíðu félagsins www.lmf.is.

Nýr vinnustaður:

Birgir G. Magnússon hdl.
Viðskiptaháskólinn á Bifröst
311 Borgarnes
S: 433-3000
Fax: 433-3001

Guðmundína Ragnarsdóttir hdl.

Lögheimtan
Laugavegi 97
101 Reykjavík
S: 545-0500
Fax: 545-0501

Gunnar Thoroddsen hdl.

Fjárstoð ehf.
Sættúni 8
105 Reykjavík
S: 591-5500
Fax: 591-5501

Inga Þóll Þórgnýsdóttir hdl.

Bæjarlögmaður Akureyrarbæjar
Geislagötu 9
600 Akureyri
S: 460-1000
Fax: 460-1001

Ingvar Sveinsson hdl.

Alþýðusamband Íslands
Sættúni 1
105 Reykjavík
S: 535-5600
Fax: 535-5601

Karl F. Jóhannsson hdl.

Íbúðalánasjóður
Borgartúni 21
105 Reykjavík
S: 569-6900

Reinhold Kristjánsson hrl.

Lögmannsstofa Reinholds
Kristjánssonar
Skólavörðustíg 16A
101 Reykjavík
S: 533-1707
Fax: 568-4661

Sturla Friðriksson hdl.

Landsbanki Íslands hf.
Laugavegi 77
155 Reykjavík
S: 560-6860
Fax: 562-3908

Valdemar Johnsen hdl.

Íslandstrygging hf.
Sættúni 8
S: 514-1000
Fax: 514-1001

Nýtt aðsetur:

Jón Haukur Hauksson hdl.
Lögfræðistofa Vesturlands ehf.
Sunnubraut 21
300 Akranesi
S: 533-4400
Fax: 433-4401

Leifur Árnason hdl.

Suðurlandsbraut 4a
108 Reykjavík
S: 561-1219
Fax: 533-4811

Ólafur Ragnarsson hrl.

Lögmannsstofa Ólafs
Ragnarssonar hrl.
Lynghálsi 1
110 Reykjavík
S: 588-1817
Fax: 588-0044

Páll Skúlason hdl.

Hafnarstræti 18
101 Reykjavík
S: 562-8542
Fax: 562-8542

Tax.is lögmannsstofa og Lög ehf.

Suðurlandsbraut 4, 4.hæð.
108 Reykjavík
S: 555-6000
Fax: 555-6045

Valgeir Kristinsson hrl.

Lögmenn Skeifunni
Skeifunni 19
S: 550-3700
Fax: 550-3701

Stálslegið öryggi

Öryggiskáparnir frá Rosengrens eru traust geymsla fyrir peninga, skjöl, tölvugögn og önnur verðmæti. Skáparnir sem eru í hæsta gæðaflokki fást í ýmsum stærðum og gerðum. Kynnið ykkur úrvalið.

YDDA/SIA

Bedco & Mathiesen ehf
Bæjarhrauni 10
Hafnarfirði
Sími 565 1000

BEDCO & MATHIESEN

TIL LEIGU

Laust skrifstofuhúsnæði
til leigu

1–2 herbergi við Lyngháls 4,
Reykjavík.

Upplýsingar veitir
Ólafur Ragnarsson hrl.
í síma 891-6462.

Forsætisfundur norrænu lögmannafélaganna

ÁRLEGUR FORSÆTISFUNDUR
Norrænu lögmannafélaganna fór fram í Danmörku dagana 28. ágúst til 1. september s.l. Meginefni fundarins að þessu sinni voru tvö, annars vegar notkun vörumerkja og annarra auðkenna í markaðssetningu lögmanna og hins vegar lögfræðileg- og siðferðileg áhrif lagasetningar gegn hryðjuverka-starfsemi, sem ríki víða um heim hafa ráðist í, í kjölfar atburðanna í Bandaríkjunum 11. september 2001. Einnig kynnti norska lögmannafélagið vinnu sérstakrar nefndar sem stjórnvöld þar í landi settu á laggirnar til að skoða samkeppnismál lögmanna. Loks voru lagðar fram skýrslur lögmannafélaganna um það markverðasta sem gerst hefur í starfsemi félaganna frá síðasta forsætisfundu.

Notkun vörumerkja og annarra auðkenna í markaðssetningu lögmanna.

Í framsögu Henriks Rothe, framkvæmdastjóra danska lögmannafélagsins, gerði hann að umtals efni þær miklu breytingar sem orðið hafa á starfsumhverfi lögmanna á síðustu árum og sífellt vaxandi samkeppni um „góða viðskiptavini“. Þessi aukna samkeppni væri m.a. til komin vegna fjölgunar lögmanna og vaxandi framboðs á sérhæfðri lögmannsþjónustu. Afleiðing þessarar þróunar væri aukin krafa til lögmanna um markaðssetningu, m.a. með notkun vörumerkja og annarra auðkenna, en til þess að slíkt skilaði árangri yrði margt að koma til.

Henrik tók nokkur dæmi um notkun þekktra fyrirtækja í ólíkum framleiðslu- og þjónustugreinum, á vörumerkjum, auðkennum og slagorðum, til að auglýsa vörur sínar og þjónustu, m.a. framleiðanda „Nike“ íþróttafatnaðar, þar sem nafnið „Nike“ og „Nike“ vörumerkið sem notað er til markaðssetningar vörunnar er ekki bara nafn eða merki, heldur einnig ávísun á góða vöru og fyrir þessa vöru væru menn tilbúnir til að greiða herra verð. Benti Henrik á að sama gildi um kaupendur annars konar vöru og þjónustu, sem



Ingimar Ingason

framkvæmdastjóri
LMFÍ

væru tilbúnir til að greiða herra verð á grundvelli gæða hennar. Hins vegar þyrfti slík vara eða þjónusta að hafa unnið sér vissan gæðasess og árangursrík markaðssetning vöru- eða þjónustu væri ekki möguleg nema til staðar væri innra kerfi til þess að viðhalda þeim gæðum sem verið er að markaðssetja. Sé slíkt kerfi ekki til staðar missi markaðssetningin marks.

En hvernig snýr þetta efni að lögmonnum? Hvernig á að markaðssetja lögmannsþjónustu og hvað er hægt að markaðssetja? Er hægt að nota lögmannstitilinn og lögmannafélögin

sjálf í slíkri markaðssetningu? Henrik benti á möguleikann á notkun merkis lögmannafélaganna á bréfsefni lögmanna og/eða notkun eigin merkis eða slagorða sem markaðstæki. Notkun heimasíða með upplýsingum um viðkomandi lögmannsstofu, starfandi lögmenn, sérmenntun þeirra og starfsferil, væri einnig áhrifarík aðferð. Stærri stofur sem gjarnan gera kröfu um að lögmenn sækja árlega ákveðinn fjölda endurmenntunarnámskeiða og/eða sinni ákveðnum fjölda tíma í ókeypiss lögfræðiaðstoð, koma þessum upplýsingum gjarnan á framfæri og sýna þannig fram á kröfu um viðhald faglegrar þekkingar, auk þess sem þær sköpuðu sér með þessu viðskiptavild. Þá væru greinaskrif lögmanna í fagtímarit, notkun blaðaauglýsinga eða útgáfa bæklinga allt saman álitleg tæki í markaðssetningu lögmanna, auk þess sem regluleg samskipti lögmanna við fjölmiðla nýttust einnig við slíkt. Hins vegar væri mikilvægasta atriðið í þessu öllu, þjónustan sjálf. Lögmaður þyrfti að geta horfst í augu við skjólstæðing sinn, sem oft kann að vera í erfiðri stöðu, og veitt honum „réttá“ faglega ráðgjöf. Því væri mikilvægt að lögmenn tækju aðeins að sér verkefni sem þeir réðu við faglega.

Henrik taldi að hlutverk lögmannafélaganna í markaðssetningu lögmanna birtist fyrst og fremst í virku efitilts- og agavaldi sem nokkurs konar innra gæðaeftirlits. Undirstaða slíks kerfis væri skylduaðild að félögum, skýrar siðareglur og

Ertu „því miður ekki við í augnablikinu“?



Þú þarft ekki lengur að taka dýrmætan tíma frá viðskiptavinum í hringingar og bankaferðir.

Í Fyrirtækjabankanum getur þú framkvæmt allar helstu fjárhagsaðgerðir í næstu nettengdu tölvu þegar þér hentar.

Kynntu þér málið á www.spar.is



Fulltrúar norrænu lögmannafélaganna á forsætisfundinum í Danmörku: Frá vinstri: Henrik Rothe, Berit Reiss-Andersen, Camilla Struckmann; Kari Lautjärvi; Ragnar Palmkvist, Ingimar Ingason, Jon Stokholm, Helge Aarseth, Gunnar Jónsson, Ketil A. Stene, Knud K. Damsgaard, Bo Ahlenius, Markku Ylönen, Matti Manner og Helgi Jóhannesson.

virka úrskurðarnefnd. Hlutverk þessa kerfis væri að senda skýr skilaboð til lögmanna um að þeir sem ekki standa sig og veiktu þannig hagsmuni heildarinnar verði settir út úr félögunum. Aðeins þegar slík trygging fyrir sterkri faglegrri þjónustu lögmanna liggja fyrir sé hægt að nota vörumerki og auðkenni í markaðs- og auglýsingaskyni, enda ber markaðsetning því aðeins árangur að hægt sé að bjóða vöru eða þjónustu sem stenst kröfur og væntingar almennings.

Henrik benti hinas vegar á að þrátt fyrir beina markaðssetningu lögmanna, mættu þeir aldrei gleyma hvers vegna þeir væru lögmenn. Prenta þyrfti inn hjá ungum lögmönnum að spurningin sé ekki aðeins um peninga, heldur hefðu lögmenn hlutverki að gegna í lýðræðisþjóðfélagi.

Að lokinni framsögu Henriks Rothe, kynnti Anker Laden-Andersen, lögmaður hjá Hjulmand & Kaptain, aðferðarfræði þeirra við markaðssetningu á þjónustu stofunnar, en hún rekur fimm skrifstofur víðsvegar um Danmörku.

Lagasetning gegn hryðjuverkastarfsemi.

Til að ræða áhrif lagasetningar gegn hryðjuverkastarfsemi m.a. á persónuréttindi borgaranna og hlutverk lögmanna vegna aukinna heimilda stjórnvalda til að grípa inn í réttindi almennings, komu á fundinn þeir Dr. Jur. Claus Haagen Jensen, prófessor við Aalborg Universitetscenter, sem

jafnframt er formaður Det Danske Center for Menneskerettigheder og Morten Kærum, framkvæmdastjóri þeirrar stofnunar. Rætt var um stöðu slíkrar lagasetningar á Norðurlöndunum og á alþjóðlegum vettvangi, áhrif óljósrar skilgreiningar á hryðjuverkum, auk þess sem kynnt var vinna sem fram fer innan Evrópuráðsins með það að markmiði að finna ásætlanlega lausn eða mála-miðlun milli ígripsheimilda stjórnvalda og þess sem almennt hefur verið talið til viðurkenndra mannréttinda. Hægt er að nálgast ítarefni um þetta efni á skrifstofu félagsins.

Samkeppnismál norskra lögmanna.

Framkvæmdastjóri norska lögmannafélagsins gerði grein fyrir vinnu nefndar sem stjórnvöld þar í landi skipuðu til að lýsa og meta samkeppnistöðu lögmanna og annarra sem veita lögfræðiþjónustu þar í landi og áhrif hennar á verðlagningu á þjónustu þessara aðila. Er hlutverk nefndarinnar enn fremur að koma fram með tillögur sem leitt geta til virkari samkeppni eða á annan hátt veitt einstaklingum og smærri fyrirtækjum greiðari aðgang að þjónustu lögmanna, m.a. með föstum verðum á tiltekinni þjónustu, t.d. erfðaskrá, kaupmálum o.fl., auk þess að gera bindandi samninga við töku tiltekens verkefnis, um endanlegan kostnað við þá vinnu. Skýrsla nefndarinnar verður birt nú í haust.



Er Evrópuréttur þinn réttur?

Íslenskir lögfræðingar, lögmennt og dómarmar þurfa í sívaxandi mæli að kunna skil á réttarheimildum Evrópuréttarins. Þá skiptir sköpum að geta fundið hratt og örugglega þær gerðir, dóma og aðrar réttarheimildir sem á þarf að halda.

Spurn sf. býður, í samvinnu við breska fyrirtækið Context Ltd., greiðan aðgang að stærstu rafrænu gagnagrunnum um samninga og sáttmála, lög, reglugerðir og dóma á sviði Evrópuréttarins - einnig á sviði EES-samningsins. Hugbúnaður og tækni Context tryggir notendum auðveldan og öruggan aðgang að þessum gagnagrunnum:

Celex	Lagagagnagrunnur ESB
Official Journal C Series	Stjórnartíðindi ESB
ECJ Proceedings	Málayfirlit Evrópudómstólsins
Common Market Law Reports	Dómar evrópskra dómstóla um Evrópurétt
Human Rights	Mannréttindasáttmáli og -dómstóll Evrópu
Tenders	Upplýsingar um útböð á EES-svæðinu

***Sparaðu dýrmætan tíma
við heimildaleit***

*Fast verð - enginn dulinn kostnaður!
Nánari upplýsingar og áskrift:*

www.spurn.is

KL. 17.03 laugardag 30. ágúst sl. ávarpaði frú Jóna Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri félagsdeildar L.M.F.Í, mig undir borðum í suðvestanverðri stofunni í Herdísarvík í Ölfushreppi. Fól hún mér í heyranda hljóði verkefni sagnaritara leiðangurs lögmanna á slóðir Einars heitins Benediktssonar. Skyldi skýrsla um leiðangurinn send Lögmannablaðinu svo skjótt sem auðið yrði. Ákvöð þessi var innsigliuð um hæl með því eina vopnatakni sem taka mátti þar á vettvangi. Lyft var staupum með köldu, íslenzku brennivíni, er borin höfðu verin fram með kaffi, pottbrauði, pönsum, kæfu og fleira góðgæti, öllu heimagerðu að sveitasið.

Almennir leiðangursmenn, hálfur þriðji tugur talsins, höfðu komið saman á annarri stund eftir hádegi að Álftamýri 4 í Reykjavík og ekið í sætaferð að húsinu Héðinshöfða við norðurenda Steintúns, ásamt leiðangursstjórn, er skipuð var leikurunum Guðrúnu Ásmundsdóttur og Eyvindi Erlendssyni, auk nefndrar Jónu og bifreiðarstjóra með rútuþróf. Kynntur var arkitektúr hússins og fjallað um sögu þess. Hús þetta, sem aðrir menn gerðu síðar enn frægara en það var fyrir, hafði konsúll Brillouin („Brillu-Jón“) hinn frakkneski látið reisa nokkrum árum áður en Einar heitinn keypti það við nauðungarsölu, að ég held á hinu örlagaríka ári 1914. Voru eyru manna vel spert við öllum fróðleik, er þar var fram borinn.

Frá Höfða var ekið gegnum Hafnarfjarðarland og út á gróandi öræfin suður af bænum, um Vatnskarð, framhá hálfþurri Lambhagatjörn og með víðum ströndum og tignarlegum klettum við Kleifarvatn. Hafði leiðangursstjórn ákveðið stopp í Krýsuvíkirkirkju. Þar inni var fjallað um kirkjuna og mann þann er mest fyrir hana gerði, Svein rannsóknarlögreglumann og amatörmálara Björnsson, sem lézt fyrir nokkrum árum. Dró Eyvindur skemmtileg líkindi milli Sveins og Einars. Báðir seildust svo langt í list sinni að skilaboð þeirra komust að takmörkum, eins konar múr, sem tjáningin fær ekki yfirstigið. Við fyrstu sýn varð naumast varizt þeirri kollflugu að altaristafla Sveins þar í kirkjunni væri klessuverk eitt. En hugað var betur að. Oní innihaldsleysi er erfitt að kafa, því að þar kennir eigi botns, en upp í hið háleita er líka torvelt að seilast. Líkindin við Einar eru fólgin í því, að ekki hafa allir verið jafn hrifnir af skáldskap hans. Reyndar má víst færa fyrir því bókmenntasöguleg rök að stíll hans hafi verið úreltur á heimsvísu, því að í háborgum heimstúzkunnar var þá þegar farið að örlla á þeim straumum, sem síðar fengu órímaða tjáningu í atómstíll norður hér. Einar var stundum skotsþónn

Lögmenn á slóðum Einars Benediktssonar skálds

Lúðvík Kaaber hdl. skráði

manna, sem annað hvort skildu ekki skáldverk hans eða höfðu ekki smekk fyrir þeim. Margir þeirra voru þó hvorki vit- né smekklausir. (Spáðu t.d. í ljóð Steins Steinarrs, Íslenzk heimspeki: „Sjá helmyrkvans bákn yfir hlóðum hins úrætta lífs / í húsivilltri þögn liggur grátstafur mannkynsins falinn“, etc. Ekki er ósennilegt að Steinn hafi þar verið að hnýta í Einar. Að bragarhætti og orðavali er ljóð Steins afar Einarslegur kveðskapur.)

Í kirkjunni var flutt kvæðið Móðir mín eftir Einar. Ekki er það kvæði illa gert, og langt frá því. Átti einstaka hlustandi jafnvel erfitt með tilfinningar sínar.

Haldið var nú til Herdísarvíkur í kaffi með tári





hremmingum. Það hafa ekki allir harðan skráp, sízt kannske þeir sem næmir eru í anda og tilfinningum. Hún hefur ekki verið léttbær, sú skylda að reidda upp sverð starblindrar Justitíu gegn meðbræðrum og systrum sem örlög léku illa. Margt er hlutskipti jústans, og eflaust þekkjum við mörg slíkar klemmur í ýmsu forni og vonandi minni stærðarhlutföllum. Þá er ráðið að líta á sig sem ópersónulegt tæki við framgang félagslegra mannaþinga, sem ekki er á okkar valdi að tryggja að samræmist því sem Guð hefði gert í stöðunni. Í Sólborgarmálinu starfaði Einar í kóngsins og laganna nafni, en komst ekki hjá að tengja sjálfan sig persónulega og siðferðilega þeim verkum, sem umbjóðandi hans hafði falið honum. Hann var ekki maskína, heldur manneskja. Slíkt er hverjum jústista til sæmdar þegar á allt er litið.

og meðði, eins og getið var í upphafi. Virðist sú jörð nokkuð landmikil, þó að ekki kunni ég hana til hundraða að meta, og matarkista var hún góð við skilyrði fyrri tíma. Blasti þar við út um rúður fjölbreyttur og áreiðanlega ám og hrútum bragðmikill og næringarríkur gróður, sem loks er kominn í góða framsókn, eins og víðar um hið eyðilega, eldbrunna landnám Ingólfs. Var Hvarf séra Odds frá Miklabæ flutt í stofu þeirra Einars og Hlínar. Meðal annars var þá rætt um þá raun, sem rannsókn sifskaparbrots og dögsmáls nokkurs er sögð hafa verið Einari, þá nýbökudum og kornungum sýslumanni fyrir norðan. Var kvæðið um hvarf séra Odds tengt því máli með góðum leikrænum og pöetískum rökum, þó að það hafi reyndar verið ort áður en Einar lenti í þeim

Svo var það Strandakirkja, næsta og næstsíðasta stoppið, kl. um nítján. Þar var Messan á Mosfelli flutt. Lýsir það kvæði samskiptum drykkfells klerks og geistlegra yfirvalda, innantómum í virðuleika og steingeldum í valdhroka. Það er vissulega glæsilegt kvæði, en mér er ekki grunlaust um að þar gæti nokkurrar tilheingingar til að afsaka eymingjaskap þann, sem fólgin er í að geta ekki kýlt tappa í flösku tímanlega. Sá hæfileiki er sagður hafa brugðist Einari á stundum. Aftur á móti var veikleiki sá leiðangursmönnum framandi. Mætti jafnvel minnst þess í rannsóknarferðum af þessu tagi, að þó hóf sé í öllu bezt, þá er hóf þar ekki undanskilið.

Nú var haldið á Eyrarbakka. Í Rauða húsinu, sem svo er nefnt, og ekki mun vera hús Lefoli

Að ofan: Guðrún Ásmunds-dóttir.

Til vinstri: Lúðvík E. Kaaber og Þóra Eiríksdóttir.

Til hægri: Humarveisla.





Ferðafélagarnir.

heitins kaupmanns, þó stundum hafi það verið til hans kennt, var borinn fram humar, þessir líka stórfínu halahlunkar, á fersku salatbeði. Hef ég skráð í kompu að kl. 20.02 hafi verið tilkynnt að formlegri dagskrá væri lokið, og að sezt hafi verið að borðum kl. 20.37. Notið var matar og drykkjar í um tvo tíma, ekið síðan heim um Þrengsli, og háttum náð fyrir miðnætti.

Athugunarefni leiðangursins, Einar Benediksson, fæddur 1864 og látinn í Herdísarvík 1940, var fyrsti starfandi lögmaður á Íslandi í nútímaskilningi þess orðs. Það hlutverk gekk hann í 1894, svona á milli vita, og fékkst við það skamma hríð, enda var víst samfélagið óvant að leysa mál sín í réttarsölum, og kannske enginn grundvöllur fyrir rekstri lögfræðiskrifstofu í Reykjavíkurbæ þeirra daga. Hann var um tíma fulltrúi Marconifélagsins, og átti stóran þátt í að koma Fróni í loftsketasamband við hina víðu veröld. Hans efnislega starf var eins og kunnugt er hvað mest helgað stóriðjuundirbúningi, rétt í þann mund er hinn demókratíski sósjalismi var að taka við af líberalismannum. Þegar til kom reyndust stjórnámálamenn hafa meira að segja um slíkt en einkaframtaksmenn. Má sennilega hafa nokkurt gaman af hægindastólahugleiðingum um afdrif fyrirætlana hans og afleiðingar, hefðu þær orðið að veruleika. Lund mannsins og öll framganga var vissulega sérstæð. Hann kvað hafa verið stórsjarmerandi maður meðan hann var upp á sitt bezta, og höfðingi var hann ytra sem innra, bæði í útliti, atferli og raun. Það var kannske veikleiki Einars sem businessmanns að bera ekki næga virðingu fyrir peningum. Hann sagði sjálfur að

það sem öðrum væri fjársjóður, væri honum aska og hjóm. Hans efnislega og peningalega brölt heyrir nú sögunni til og hafði ekki mikil eftirköst. En sama verður ekki sagt um önnur verk hans.

Ferð félagsdeildar var farin til að hnusa nokkuð af þeim. Kvæði Einars eru andanum sem Eyrarbyggahumarinn belgnum, nærandi og styrkjandi, sérstæð og hvetjandi í ljúfleika sínum. Humri er hægt að redda úti í búð, en heimaát slíks lostætis stenztt ekki samanburð við neyzlu þess með þjónustu í góðum og skemmtilegum félagskap. Hvað skáldskap Einars snertir mætti líka ætla að eins gott væri að sitja heima, fletta upp í skáldinu og tuldra kvæði þess í barminn. En því fer enn fjarri. Það er fágætur lúxus að hlýða á fagmannlegan kvæðalestur, og mér er það sjálfum undrunarefni hversu mjög ég nýt þess, frekar en að lesa þau bara sjálfur. Slíkt er sem kræsingar á silfurfati. Hann gaf okkur varanlegar gjafir, því að hin óefnislegu verk hans munu standa lengur en flest önnur mannvirki, þótt úr steini séu.

Skil fjárvörsluyfirlýsinga vegna ársins 2001.

Þann 1. september s.l. rann út frestur lögmannna til að skila inn fjárvörsluyfirlýsingum fyrir árið 2001. Enn á all stór hópur lögmannna eftir að skila inn yfirlýsingu, staðfestri af löggiltum endurskoðanda og eru þeir hvattir til að ganga frá sínum málum hið fyrsta.

FÉLAG UM VÁTRYGGINGARÉTT

FÉLAG UM váttryggingarétt var stofnað í Reykjavík 14. mars 2001. Stofnfundinn sóttu tíu lögfræðingar. Á honum kom fram, að nokkrir menn, sem ekki gátu sótt fundinn, hefðu óskað þess að gerast stofnfélagar. Sá hópur taldi 17 manns og teljast því stofnendur alls 27. Þeirra á meðal voru tveir tryggingafræðingar og einn laganemi. Hinir eru lögfræðingar.

Félaginu voru settar samþykktir á stofnfundi. Samkvæmt þeim er tilgangur félagsins:

- að vera deild í alþjóðlega félaginu Association Internationale Du Droit Des Assurances (AIDA),
- að stuðla að kynningu og framþróun váttryggingaréttar,
- að efla samskipti á milli lögfræðinga sem starfa að váttryggingamálum,
- að stuðla að útgáfu efnis á sviði váttryggingaréttar og tengdra efna.

Allir þeir sem lokið hafa embættisprófi í lögfræði eiga rétt á að verða félagsmenn svo og laganemar. Félagsmenn geta einnig orðið þeir sem með störfum sínum hafa að mati stjórnar félagsins sýnt fram á þekkingu sína á sviði váttryggingaréttar. Váttryggingafélög, lögmansstofur og firmu váttryggingamiðlara geta gerst félagar. Ennfremur opinberar stofnanir og félagsamtök sem tengjast váttryggingum.

Á aðalfundi 21. maí 2002 var samþykkt að óska eftir að félagið fengi inngöngu í Alþjóðasamband um váttryggingarétt (AIDA: Association Internationale Du Droit Des Assurances).

Frá stofnun félagsins hefur það haldið fimm fræðafundi, sem nú verða taldri.

Hinn 19. júní 2001 hafði formaður félagsins framsögu um *Áhættutöku farþega í bifreið með ölvuðum öikumanni*. Ritgerð sama efnis eftir framsögumann birtist síðar í *Líndælu*, afmælisriti, sem Hið íslenska bókmenntafélag gaf út til heiðurs Sigurði Líndal í tilefni sjötugsafmælis hans 2. júlí 2001. Fundarmenn voru um 25.

Annar fræðafundurinn var haldinn 29. nóvember 2001. Fjallaði prófessor Viðar Már Matthíasson þá um efni, sem hann nefndi *Er nýrra laga um váttryggingarsamninga að vænta?* Gerði fyrirlesarinn m.a. grein fyrir ýmsum nýmælum, sem stjórnskipuð nefnd um ný lög um váttryggingarsamninga, hafði fjallað um. Fundinn sóttu 23.

Þriðji fundurinn var 15. janúar 2002. Hélt formaður félagsins þá erindi, sem hann nefndi *Spjall um skaðabótarétt í Bandaríkjunum — Sviptingar á síðustu árum*. Á þessum fundi voru 25 félagsmenn.

Fjórdi fræðafundurinn var haldinn í tengslum við aðalfund félagsins 21. maí 2002. Framsögumaður var Ingvar Sveinbjörnsson hæstaréttarlögmaður og talaði um efnið „*Hefur hugtakið varanleg örorka fengið lögákveðna merkingu?*“ Til efni erindisins var dómur Hæstaréttar 15. nóvember 2001, sem fjallar um rétt starfsmanns til bóta úr atvinnuslysatriggingu launþega skv. kjarasamningi. Fundarmenn voru 22.

Fimmti fundurinn var 30. ágúst 2002. Þá flutti Hans Jacob Bull prófessor við lagadeild Oslóarháskóla fyrirlestur, sem hann nefndi „*Identifikasjon i forsikringsretten*“. Efni hans var áhrif þess á réttarstöðu váttryggðs, að aðrir en hann, einkum starfsmenn hans, váttryggingartaki eða meðváttryggðir, gerast sekir um brot gagnvart váttryggjanda. Var einkum rætt um efnið í ljósi norsku laganna um váttryggingarsamninga frá 1989. Til samanburðar vék prófessor Bull að eldri norrænum lögum um váttryggingarsamninga.

Fleiri fræðafundir eru ráðgerðir á næstunni. Þeir, sem áhuga hafa á að sækja fundina og ganga í félagið, eru hvattir til að hafa samband við einhvern stjórnarmanna.

Nú eru 60 einstaklingar í félaginu, sjö váttryggingafélög og þrjár lögmansstofur.

Formaður félagsins er Arnljótur Björnsson, ritari Erla S. Árnadóttir, hrl. og gjaldkeri Rúrik Vatnarsson. Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl. er varastjórnarmaður.

Skipting lífeyrisréttinda milli sjóðfélaga og maka

Á ÍSLANDI ER öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi rétt og skylt að tryggja sér lífeyrisréttindi með aðild að lífeyrissjóði frá og með 16 ára aldri til 70 ára aldurs, sbr. nánar ákvæði laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Almenna reglan er sú að óheimilt er að framselja eða veðsetja réttindi í lífeyrissjóðum eða á annan hátt ráðstafa lífeyrisréttindum en frá þeirri reglu eru undantekningar þegar kemur til skiptingar milli sjóðfélaga og maka.

Réttindum í lífeyrissjóðum er almennt haldið utan fjárskipta milli hjóna og maki sjóðfélaga getur ekki öðlast sjálfstæðan rétt til ellilífeyrisréttinda án samkomulags við sjóðfélagann en slíku samkomulagi eru settar ákveðnar skordur í lögum sem raktar verða hér á eftir. Teljist það ósanngjarnt gagnvart hinum makanum að halda lífeyrisréttindum utan fjárskipta milli hjóna er heimilt að bæta makanum það með fjárgreiðslum sbr. 2. mgr. 102. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993. Vandasamt er að meta hvað sé ósanngjarnt í þessum efnum en það er alfarið lagt í mat dómstóla m.a. að meta hversu há fjárgreiðsla skuli renna til maka. Nýverið hafa gengið tveir dómur í Hæstarétti þar sem reynt hefur á þetta mat, sbr. Hæstaréttardóm í máli nr. 253/2001 og máli nr. 170/2002.

Í 3. mgr. 14. gr. laga nr. 129/1997 er nýmæli sem felur í sér undantekningu frá meginreglunni um að óheimilt sé að framselja lífeyrisréttindi. Ákvæði þetta heimilar sjóðfélaga og maka hans að skipta með gagnkvæmum og jöfnum hætti milli sín ellilífeyrisréttindum sem áunnist hafa meðan hjúskapur, óvígð sambúð eða staðfest samvist hefur staðið eða stendur. Í 3.



**Pórey S.
Þórðardóttir**

hdl., LL.M., forstöðumaður réttindamála hjá lífeyrissjóðum Bankastræti 7

mgr. 14. gr. er gert er ráð fyrir þrenns konar skiptingu ellilífeyrisréttinda.

Í fyrsta lagi með samkomulagi um skiptingu lífeyrisgreiðslna. Greiðsluskipting felur ekki í sér breytingu á réttindum sjóðfélagens og við andlát hans falla greiðslurnar niður. Greiðsluskipting kann að skipta máli í skattalegu tilliti.

Í öðru lagi er heimilt með samkomulagi að skipta uppsöfnuðum ellilífeyrisréttindum og mynda með því sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka eða fyrrverandi maka sjóðfélaga. Ellilífeyrisréttindi sjóðfélagens skerðast sem framsalinu nemur og verði sjóðfélaginn langlífari færast réttindin ekki aftur yfir til hans. Slíkt samkomulag þarf að gera

í síðasta lagi sjö árum áður en taka ellilífeyris getur fyrst hafist en ellilífeyrisaldur er nokkuð breytilegur eftir sjóðum. Í ákvæðinu er sett það skilyrði að sjúkdómar eða heilsufar dragi ekki úr lífslíkum sjóðfélagens. Heildarskuldbinding viðkomandi lífeyrissjóða skal ekki aukast og er því stuðst við tryggingastærðfræðilegar forsendur þegar framseld réttindi eru metin. Þetta felur það í sér í almennum lífeyrissjóðum þar sem réttindi eru umreiknuð til stiga að framseld stig til maka geta reiknast fleiri eða færri en þau stig sem framseld eru frá sjóðfélaga.

Í þriðja lagi er unnt að gera samkomulag um að *iðgjald* sjóðfélagens sem gengur til að mynda ellilífeyrisréttindi skuli allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð réttindi fyrir maka hans.

Samkomulag milli sjóðfélaga og maka um skiptingu lífeyrisréttinda samkvæmt 3. mgr. 14. gr. laga nr. 129/1997 tekur aðeins til ellilífeyrisréttinda. Réttur til örorku, maka- og barnalífeyris er hins vegar óháður fram-

Ákvæði þetta heimilar sjóðfélaga og maka hans að skipta með gagnkvæmum og jöfnum hætti milli sín ellilífeyrisréttindum sem áunnist hafa meðan hjúskapur, óvígð sambúð eða staðfest samvist hefur staðið eða stendur.

salinu og nýtur sjóðfélagi hans með sama hætti og áður.

Lög 129/1997 eru sniðin að hinum almennu lífeyrissjóðum og því eru nokkrir lífeyrissjóðir, svo sem Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar og Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar, undanþegnir ákvæðum laganna að því er varðar þá sjóðfélaga sem áttu aðild að sjóðunum við gildistöku laganna sbr. 54. gr. laga nr. 129/1997. Í greinargerð með ákvæðinu segir að lífeyrissjóðir þessir hafi annað réttindakerfi en lífeyrissjóðir á almennum markaði. Iðgjaldastofninn miðist í flestum tilvikum við föst laun og réttindin geti ýmist verið lakari eða betri en þau lágmarksréttindi er lífeyrissjóðum ber að veita. Því þyki ekki annað fært en að heimila þessum sjóðum að starfa áfram á þeim grundvelli sem verið hefur vegna núverandi sjóðfélaga. Hins vegar eru Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (B-deild) og Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga ekki undanþegnir 3. mgr. 14. gr. þrátt fyrir að sömu rök og að framan eru rakin eigi við um þá sjóði.

Þar sem lög nr. 129/1997 eru ekki sniðin að réttindakerfi B-deildar LSR og LH standa sjóðirnir frammi fyrir talsverðum vanda við að framfylgja lögnum sem þeim er þó skylt að gera. Sem dæmi skal nefna hina svokölluðu 95 ára reglu. Getur maki sjóðfélaga nýtt sér slíka reglu? Hver skulu viðmiðunarlaun til greiðslu lífeyris til maka vera; hvernig skal fara með tíuáregluna þar sem sjóðfélagi getur undir vissum kringumstæðum fengið hærra launaviðmið til greiðslu lífeyris hafi hann verið í 10 ár eða lengur í hærra launuðu starfi á sjóðfélagatíma sínum? Á maki að njóta slíkrar

hækkunar á greiðslu ellilífeyris þótt skilyrðin hafi ekki verið til staðar þegar aðilar gerðu samkomulag sín á milli. Jafnframt ber að geta þess að þótt sjóðirnir leystu öll þau útfærsluatriði sem taka ber afstöðu til þá leiddu slíkir samningar að jafnaði til óeðlilegrar skiptingar milli sjóðfélaga og maka þar sem samkomulagið tekur aðeins til ellilífeyrisréttinda en í B-deild LSR og LH er réttur til makalífeyris sterkur og greiddur allt fram að andláti maka.

Dæmi: Sjóðfélagi á 50% rétt sem reiknast út frá viðmiðunarlaunum sem eru kr. 200.000. Ellilífeyrir sjóðfélaga er því kr. 100.000 á mánuði. Hann afsalar helmingi réttarins til maka síns og er því ellilífeyrisréttur hvors um sig kr. 50.000. Verði sjóðfélaginn langlífari fengi hann aðeins kr. 50.000 í ellilífeyri. Falli hins vegar sjóðfélaginn frá á undan maka sínum héldi makinn kr. 50.000 í ellilífeyri og á jafnframt rétt til makalífeyris sem getur numið allt að kr. 90.000. Samtals greiðsla til makans gæti því numið kr. 140.000.

Í þessari stuttu grein er ekki unnt að gera öllum þeim vandkvæðum sem upp koma við framkvæmd ákvæðis 3. mgr. 14. gr. laga nr. 129/1997 fullnægjandi skil en heppilegt hefði verið ef tekið hefði verið á vandamálum sem þessum í lögnum sjálfum.

Þrátt fyrir þau vandamál sem sumir lífeyrissjóðir standa frammi fyrir við að framfylgja ákvæðum 3. mgr. 14. gr. laganna ber að fagna heimildinni sem hún veitir sjóðfélögum og mökum þeirra til að jafna sín á milli ellilífeyrisréttindum í lífeyrissjóðum og verði slíkir samningar almennir mun það leiða til frekara jafnréttis í samfélagi okkar.

Námskeið fyrir lögmannsstofur – lögmann og starfsmenn.

Skyndihjálparnámskeið-Endurlífgun

16. október 2002.

Í samstarfi við Rauða krossinn. – Kennarar frá Rauða krossinum fara í grunnþætti skyndihjálpar. Farið er í frumskoðun og vandinn greindur. Endurlífgun, blástur og losun aðskotahluta úr öndunarvegi.

Staður: Kennslusalur LMFÍ að Álftramýri 9, Reykjavík

Tími: 16. október kl. 16:00 — 19:00.

Verð: Fyrir félagsdeild 2.500.-
Almennt verð: 3.500.-

Hægt er að setja upp sérstakt námskeið fyrir lögmannsstofur á vinnustað þeirra. Til þess að skipuleggja slíkt námskeið þá hafið samband við starfsmann félagsdeildar. Skráning fer fram hjá félagsdeild LMFÍ í síma 568 5620 eða með tölvupósti á netfang: jonak@lmfi.is

Greiðsla árgjalda til LMFÍ fyrir yfirstandandi ár.

Gíróseðlar vegna árgjalds til Lögmannafélags Íslands fyrir yfirstandandi ár, voru sendir félagsmönnum í maí s.l., en gjald-dagi var 1. júní. Þeir lögmann, sem enn hafa ekki gengið frá greiðslu árgjaldsins, eru hvattir til að greiða það hið fyrsta. Einnig er þeir félagsmenn sem skulda fyrri árgjöld hvattir til að bæta úr því, en ógreiddar gjaldfallnar árgjaldsskuldir verða sendar í lögfræðinnheimtu innan tíðar.

Mér finnst örstutt síðan ég var í lagadeild-
minni. Ég varð þess heiðurs aðnjótandi að
vera formaður Orators 1982-83. Svo heppilega
vildi til, að á minni vakt voru 75 ár frá upphafi
lagakennslu á Íslandi, en lagadeildin var
stofnuð 1908. Út á það fékkst auka-
kockteill fyrir deildina alla, sem
tryggði nokkurn veginn að for-
mannsferillinn var talinn árangurs-
ríkur, kröfurnar voru ekki meiri á
þeim tíma. Ekki hvarflaði að
nokkrum manni þá, að sá tími
myndi renna upp að ekki dygði að
segjast hafa verið í lagadeildinni
ákvæðið árabíl. Það hefur þó gerst
með því að nýrri lagadeild er hleypt
af stokkunum á þessu hausti við
Háskólann í Reykjavík. Fyrir hönd
Lögmannafélags Íslands óska ég
deildinni velfarnaðar.



Gunnar Jónsson

hrl.

Allir hljóta að vona að hin nýja deild verði til
að auka veg lögfræðinnar sem fræðigreinar. Víst
er, að einvalalið hefur valist til kennslu við laga-
deildina nýju. Þá fer ekki hjá því að maður taki
eftir að aukið líf hafi færst í það sem ég mun
ugglaust enn um sinn af gömlum vana kalla
lagadeildina, eða einfaldlega deildina. Þetta má
örugglega þakka jákvæðum áhrifum samkeppn-
innar. Ég vil því einnig óska deildinni minni
gömlu velfarnaðar.

Samkvæmt lögmannalögnum er embættis-
próf í lögfræði frá Háskóla Íslands eitt af skil-
yrðum þess að öðlast lögmannsréttindi. Frá því
má þó víkja, hafi umsækjandi um réttindi próf
frá öðrum háskóla sem prófnefnd telur sam-
bærilega. Fram hefur komið hjá forsvars-
mönnum Háskólans í Reykjavík, að meistara-
próf í lögum þaðan verði sambærilegt í skilningi
laganna. Það hlýtur þó að vera óþægilegri
óvissu háð að óbreyttum lögum. Verði lögnum
ekki breytt, fæst þeirri óvissu vart að fullu eytt
fyrir en fyrstu meistaraþrófsmennirnir sækja um
lögmannsréttindi. Ég tel ekki rétt að lögman-
nafélagið blandi sér í umræður, að ekki sé sagt
deilur, um það hvort Háskólinn í Reykjavík geti,
að fimm árum liðnum, útskrifað embættisgenga
lögfræðinga. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar,
að þessi óvissa sé ótæk gagnvart laganemum við
Háskólann í Reykjavík og henni verði að eyða.

Augljóst er, að próf til öflunar málflutnings-
réttinda öðlast aukið mikilvægi, verði prófmenn
úr fleiri en einni lagadeild. Lögmannafélagið, í
samvinnu við dómsmálaráðuneytið og próf-
nefnd til öflunar málflutningsréttinda fyrir hér-
aðdómi hefur haft umsjón með nám-
skeiðum til öflunar málflutningsrétt-
inda og þau að minna eða meira leyti
farið fram í húsakynnum félagsins.
Einhverjir kunna að telja þetta bjóða
heim þeirri hættu, að félagið gæti
hagsmuna þeirra lögmannna sem fyrir
eru með því að koma í veg fyrir
fjölgun. Þær áhyggjur eru að mínu
viti óþarfar. Yrði félagið uppvíst að
slíku færi verkefnið einfaldlega eitt-
hvað annað. Þessu fyrirkomulagi
fylgir hins vegar sá ótvíræði kostur,
að verðandi lögmennt kynnst félaga-
inu og starfsemi þess að nokkru
marki áður en lögmannsferillinn hefst.

Stjórn félagsins sendi forseta Hæstaréttar
erindi um sígilt málefni á liðnu vori, þ. e. máls-
kostnaðarákvarðanir réttarins, sérstaklega í
opinberum málum og gjafsóknarmálum.
Stjórnin viðraði þar sjónarmið um að ákvörðuð
þóknun væri oft óeðlilega lág. Það byði jafnvel
heim þeirri hættu, að lögmennt veigruðu sér við
að taka slík mál að sér. Með því væri í raun
vegið sérstaklega að réttaröryggi þeirra sem
minnst mega sín. Í erindinu var beðið um fund
með fulltrúum réttarins, til viðræðna um málið.

Forseti réttarins, Guðrún Erlendsdóttir,
kvaddi fulltrúa félagsins á sinn fund og gengu
undirritaður og framkvæmdastjóri félagsins til
hans. Þar voru reifuð helstu sjónarmið og m. a.
bent á að á næstliðnu hálfu ári fyrir fundinn,
höfðu málsvarnarlaun í u. þ. b. fimmta hverju
opinberu máli verið ákvörðuð undir 100.000 kr.
og kærumál þá ekki talin með. Þannig mátti
finna 60.000 kr. málsvarnarlaun í þjófnaðar-
máli, 70.000 kr. í ávana og fíkniefnamáli,
40.000 kr. vegna aksturs án ökuréttinda, 50.000
kr. vegna líkamsárásar og mætti áfram telja. Við
afhentum forseta ennfremur samantekt Hilmaris
Ingimundarsonar hrl. um það hvaða lágmarks-
vinnu yrði að leggja í einföldustu opinberu mál
sem flutt væru fyrir Hæstarétti. Niðurstaða

Hilmars var sú, að vart yrði komist af með minna en 12-15 klst., sem hann sundurliðaði á þann hátt, að vart verður talið of í lagt. Ég kann Hilmari sérstakar þakkar fyrir að bregðast skjótt og ljúfmannlega við beiðni minni um samantektina.

Ekki var annað að heyra en forseti Hæstaréttar hefði fullan skilning á þeim sjónarmiðum, sem teflt var fram. Vonandi er að það skili sér í ákvörðunum réttarins.

Í síðasta pistli mínum véc ég að því, að skylduaðild að lögmannafélaginu væri síður en svo sjálfsgöð. Ríkisstjórnarskipti í Danmörku, þar sem hægri stjórn tók við af stjórn jafnaðarmanna, urðu til þess að farið var yfir skylduaðild að félögum út frá samkeppnissjónarmiðum. Niðurstaða þeirrar vinnu varð sú, að leggja ekki til breytingar varðandi danska lögmannafélagið. Skylduaðild var talin nauðsyn í því skyni, að félagið gæti beitt eftirlits- og agavaldi gagnvart félagsmönnum.

Minnstu mátti muna, að eftirlits- og agavaldið væri af okkar félagi tekið við síðustu endurskoðun lögmannalaganna og fært til dómsmálaráðuneytisins. Því fékkst haldið hjá félaginu, hjá sérstakri úrskurðarnefnd, gegn því að félagið bæri allan kostnað af störfum úrskurðarnefndarinnar. Tvímælalaust verður að telja framför að stofnun úrskurðarnefndarinnar,

hún sé betur til starfsins fallin en stjórn félagsins. Spurning er hins vegar hvort það sé fyllilega sanngjarnt að félagið beri allan kostnað af störfum nefndarinnar, sem er í raun hluti af réttarvörslukerfi samfélagsins og félagið skipar aðeins tvo af fimm nefndarmönnum í. Það er efni í annan pistil.

Ég véc ennfremur að baráttunni gegn fjölgreinasamstarfi í síðasta pistli mínum. Þar sagði ég m. a. að fyrrum formaður, Jakob R. Möller hrl., hefði gengið hvatskeytlega fram í baráttu gegn slíku samstarfi. Með þessu orðavali var ætlun mín að hrósa forvera mínum. Hrósið er hins vegar hálf vafasamt, sé orðabókarskýring orðsins hvatskeytlega lesin. Orðið er talið sömu merkingar og hvatvíslegur eða snöggur upp á lagið. Ég var því óheppilega hvatvís í orðalagi, ætlun mín var sú að segja að gengið hefði verið fram af myndugleik og festu, sem hér er komið til skila, þótt seint sé.

Jóna Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri félagsdeildar lögmannafélagsins, hefur látið af störfum fyrir félagið. Jóna var brautryðjandi í starfsemi hinnar enn nýju félagsdeildar og stóð sig afskaplega vel í því starfi. Það verður því mikill söknuður að henni. Um leið og ég þakka henni góð störf í þágu lögmannafélagsins óska ég henni velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Námskeið fyrir starfsfólk á lögmannsstofum.

Útreikningur og uppgjör á VSK

10. október 2002.

Námskeiðið er haldið í samvinnu við Nýja tölvuskólann. – Farið er í helstu reglur varðandi virðisaukaskatt, skyldu á útsköttun og heimildir á innsköttun. Tilhögun virðisaukaskattsskila, virðisaukaskattskýrsluna sjálfa, greiðslur og endurgreiðslur. Verklegar æfingar. Nemendur mæti með vasatölvu með prósentutakka.

Kennari: Hafrún Ósk Sigurhansdóttir.
Staður: Kennslustofa LMFÍ að Álftamýri 9, Reykjavík.
Tími: 10. október frá kl. 08:30 — 12:30
Verð: kr. 6.000.- fyrir félagsdeild.
kr. 8.000.- almennt verð.

Skráning fer fram hjá félagsdeild í síma 568-5620 eða með tölvupósti á netfang jonak@lmfi.is

Launaútreikningur og uppgjör

28. og 29. október 2002.

Námskeiðið er haldið í samvinnu við Nýja tölvuskólann. – Farið er í almennan launaútreikning, þar sem tekið er fyrir laun, hlunnindi, frádrættir, skattaútreikningar o.fl. sem varðar útreikninga á launum til launþega, einnig er tekið fyrir reiknað endurgjald eigenda fyrirtækja og tilheyrandi. – Teknar eru fyrir helstu skilgreinar, líffeyrissjóð, félagsgjöld, opinber gjöld og tryggingagjald, ásamt greiðsluseðlum fyrir hvert um sig. – Verklegar æfingar. Nemendur mæti með vasatölvu með prósentutakka.

Kennari: Hafrún Ósk Sigurhansdóttir.
Staður: Kennslustofa LMFÍ að Álftamýri 9, Reykjavík.
Tími: 28. október frá kl. 13:00-17:00 og
29. október frá kl. 08:30-12:30.
Verð: Kr. 12.000.- fyrir félagsdeild.
Kr. 14.000.- almennt verð.

Skráning fer fram hjá félagsdeild í síma 568-5620 eða með tölvupósti á netfang jonak@lmfi.is

Breytingar á félagatali

Allar breytingar um ný símanúmer, vefþöng, aðstetur og fleira er uppfært heimasíðu félagsins www.lmfj.is.

Ný málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti Íslands.

Jón Auðunn Jónsson hrl.

Ný málflutningsréttindi fyrir Héraðsdómi.

Andri Óttarsson hdl.

Lögmenn við Austurvöll
Pósthússtræti 13
101 Reykjavík
S: 595-4555
Fax: 595-4550

Anna Guðný Júlíusdóttir hdl.

Lögmennsstofa Láru V. Júlíusdóttur hrl.
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
S: 588-5818
Fax: 533-2060

Atli Björn Þorbjörnsson hdl.

Lögvangur ehf.
Ármúla 3
108 Reykjavík
S: 560-5311
Fax: 560-5317

Árnína Steinunn Kristjánsdóttir hdl.

LEGALIS lögmennsstofa
Lágmúla 7
108 Reykjavík
S: 562-6969
Fax: 562-6980

Bryndís Guðmundsdóttir hdl.

Fulltingi ehf.
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
S: 533-2050
Fax: 533-2060

Christiane Leonor Bahner hdl.

Lögmenn Suðurlandi
Austurvegi 3
800 Selfoss
S: 482-2988
Fax: 482-2801

Daði Bjarnason, hdl.

Sparisjóðabanki Íslands hf.
Rauðarárstígur 27
105 Reykjavík
S: 540-4000
Fax: 540-4001

Einar Jónsson hdl.

Lögfræðistofa Sóleyjargötu 17
Sóleyjargötu 17
101 Reykjavík
S: 561-3583
Fax: 552-4125

Einar Þór Sverrisson hdl.

Lögmenn Laugardal ehf.
Suðurlandsbraut 4a
108 Reykjavík
S: 533-4850
Fax: 533-4811

Eiríkur Elís Þorláksson

Lögmenn Skólavörðustíg 6b
101 Reykjavík
S: 561-1020
Fax: 561-1027

Finnur Magnússon hdl.

Legalis lögmennsstofa
Ármúla 7
108 Reykjavík
S: 562-6969
Fax: 562-6980

Guðröður Anna Kristjánsdóttir hdl.

Vátryggingafélag Íslands hf.
Ármúla 3
108 Reykjavík
S: 560-5146
Fax: 560-5101

Gunnar Þór Þórarinnsson hdl.

Lögmenn Höfðabakka 9
Höfðabakka 9
110 Reykjavík
S: 587-1286
Fax: 587-1247

Ingibjörg Elíasdóttir hdl.

Háskólinn á Akureyri
Sólborg
600 Akureyri
S: 563-0900
Fax: 463-0999

Jón Elvar Guðmundsson hdl.

Tax.is Íslandi hf.
Hamraborg 10
200 Kópavogur
S: 555-6000
Fax: 555-6045

Katrín Helga Hallgrímsdóttir hdl.

Landwell
Skógarhlíð 12
105 Reykjavík
S: 550-0500
Fax: 550-0505

Magnús Pálmi Skúlason hdl.

Lögmenn Skólavörðustíg 12 sf.
Skólavörðustíg 12
101 Reykjavík
S: 562-1018
Fax: 562-9666

Ólafur Rúnar Ólafsson hdl.

Fjármálaeftirlitið, FME
Suðurlandsbraut 32
108 Reykjavík
S: 525-2700
Fax: 525-2727

Páll Ólafsson hdl.

Fjarvernd – Verðbréf hf.
Suðurlandsbraut 24
105 Reykjavík
S: 590-9014
Fax: 590-9001

Pálína M. Rúnarsdóttir hdl.

Lögfræðiskrifstofan Suðurlandsbraut 6 sf.
Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
S: 533-5030
Fax: 533-5035

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Tryggingamiðstöðin hf.
Aðalstræti 6-8
101 Reykjavík
S: 515-2000
Fax: 515-2040

Endurúttefning málflutningsréttindi fyrir Héraðsdómi.

Áslaug Árnadóttir hdl.

Lögmennsstofan Fortis ehf.
Laugavegi 7
101 Reykjavík
S: 520-5800
Fax: 562-2585

Guðrún Sesselja Arnardóttir hdl.

Mandat lögmennsstofa
Hafnarstræti 20
101 Reykjavík
S: 511-1190
Fax: 511-1195

Kristín Edwald

Lex lögmennsstofa ehf.
Sundagörðum 2
104 Reykjavík
S: 590-2600
Fax: 590-2606

Oddný Mjöll Arnardóttir hdl.

Lögmenn Skeifunni
Skeifunni 11A
108 Reykjavík
S: 568-8640
Fax: 568-9585

Þórólfur Jónsson hdl.

LOGOS lögmennshjónustan sf.
Efstaleiti 5
103 Reykjavík
S: 540-0300
Fax: 540-0301

A f Merði lögmanni

Þegar þetta er ritað er Mördur á leið til New York með félögum sínum úr Lögmannafélaginu. Mördur er nefnilega ferðafíkill. Ungur átti hann ekki önnur úrræði í þeim efnum en að sóla sig með útúrdrukknum löndum á Mallorca. Hafði af því nokkurn ama og þótti það lítið uppbyggilegt að sitja undir pálmatré og sturta í sig Sangría. En svo kom að hans góðu félög fóru að efna til menningar- og fræðsluferða á erlenda grundu og þá fyrst þótti honum umlykja sig sá menningarblær sem honum löglærðum hafði meðal forframaðra manna.

Í fyrstu voru ferðir af þessum toga fremur stopular og nokkuð þótti Merði skorta á reisin kollega sinna. Þannig setur hann enn dreyrrauðan þegar hann minnst fyrstu ferðarinnar af þessum toga, á norraent refsiréttarþing í Skandinavíu skömmu eftir síðasta Þorskastríðið, þar sem fjórlegar umræður áttu sér stað á lokadegi án nokkurs fræðilegs innleggs íslensku þátttakendanna. Þegar svo var komið að Mördur sjálfur, sem er feiminn í margmenni, var komin á fremsta hlunn með að bjarga andliti hinnar íslensku lögfræðingastéttar og bera upp gáfullega, en vita þýðingarlausu fyrirspurn, barst hjáróma íslenska rödd úr salnum; hvor 'nár begynder festen?

En í árunna rás batnaði bæði yfirbragðið og samsetningin í þessum hópi forfrömunarinnar enda nenntu helstu drykkjujaxlarnir í stéttinni ekki að standa lengur í einhverju tímafreku akademisku rugli og héldu sig bara við Mallorca. Hamingjusamur og stoltur stóð Mördur á tröppum þinghúss Bandaríkjana í Washington á vordögum 1997 og tók undir með þeim Gardari Gíslasyni og Thurmond hinum aldna þingforseta í söngnum „um hinn býsna góða féлага“. Sat lamaður af hrifningu undir orðræðum þáverandi formanns LMFÍ í Strassborg tveimur árum seinna, þegar formaðurinn las helstu mannréttindagúrúum Evrópu pistilinn. Síðan hefur bara verið einn formaður til fyrir Merði! Kallaði síðan yfir sig reiði þess sama formanns þegar hann hélt til Kína síðar sama vor og rótaði fullur efasemda í blóðdrefjum á gangstéttahellum Torgs hins himmneska friðar, meðan innfæddir fluttu tilfinningaþrugna pistla um mannréttindaást sína og það hvað frelsið væri afstætt hugtak.

Í ferð með Lögfræðingafélaginu í Moskvu, enn tveimur árum síðar, sannfærðist Mördur hinsvegar um það að lögmann einir og sér, væru þægilegri ferðafélagar en blandaður hópur ferðafélaga úr stjórnarráði og dómsölum. Ferðalagið frá Kaupmannahöfn til Moskvu, með Tupalhotunni frá árinu 1961, þar sem nokkrir uppgjafa hermenn frá Afganistan gengdu starfi flugfreyja, varð all sögulegt. Sérstaklega undraðist Mördur þó hróp, köll og kvartanir nokkurra stjórnarráðsstarfsmanna sem sátu venjulega á 1. farrými Vestur-Evrópsku flugfélaganna og drukku champagne á kostnað hinna í stéttinni. Enginn lögmaður kom nálægt skipulagningu og dagskrá ferðarinnar bar þess öll merki. Það var þrammað um Dúmuna og verlsunardómstólinn og saksóknaraembættið. Allsstaðar fóru fram langar einræður á rússnesku sem þýddar voru á svo bjagaða ensku að jafnvel Mördur hætti að látast skilja. Hámarki náði heimsóknin þó í Hæstarétti Rússlands þar sem upp stóð kona nokkur roskinn og upplýsti viðstadda um það að hún hefði verið skipuð til dómsstarfa á öndverðum fimmta áratug 20. aldar og þá væntanlega af guðfræðingnum Jósef! – Upphóf kvenskörungur þessi ræðuhöld nokkur og þóttist Mördur aldrei hafa lent í öðrum eins mannraunum. Mælti hún sem aðrir á tungu mæðra sinna og feðra og var því nú lítt borið við að þýða framlag hennar í samhengi yfir á tungu engilsaxa. Tóku menn nú að skera hrúta hver í kapp við annan og taldist Merði svo til að hann hefði fest svefn a.m.k. fimm sinnum fyrsta klukkutímann. Þar kom þó að máli konunnar linnit. Merði til skelfingar hófu þá nokkrir gestanna, úr ranni stjórnarráðs og dómsvalds, að upphæfja fyrirspurnir og þær voru ekkert skyldar þeim veisluhaldaspurningum sem lögmann spurðu Skandinava forðum. Þvert á móti var nú spurt með hálærðu og akademisku yfirbragði, og fór þar fremstur í flokki nokkuð roskinn karlkyns dómari með suðrænt yfirbragð, sem Mördur hafði lengi öfundast út í sakir glæsileika og kynþokka, og hafði uppi miklar meiningar um sjálfstæði dómstóla. Færðist kvendið nú allt í aukana og upphófust þá fyrst einræður ógurlegar. Í fyrsta sinn í aldarfjórðung saknaði Mördur Mallorca og Sunnu sálugu.

Enn er Mördur þó á faraldsfæti, nú með lögmonnum einum og nú bíður borgin sem aldrei sefur. Á nýju ári ætlar Mördur hinsvegar að endurnýja kynnin af Mallorca en ætlar ekki með í fyrirhugaða ferð Lögfræðingafélagsins til þess að kynna sér framkvæmd fíkniefnalöggjafar í Kólumbíu.

- Sérstaða Háskóla Íslands

ÞEGAR FJALLAÐ er um framtíð laganáms á Íslandi er óhjákvæmi-legt að gera greinarmun á námi í lög-vísindum, þar sem stefnt er að því að gera nemendur hæfa til þess að sinna rannsóknum á sviði lögfræði og takast á við flókin, lögfræðileg úrlausnarefni, og annars konar námi í lögfræði, þar sem markmiðið er að kynna nemendum meginreglur laga og einstök svið lögfræði sem nýst geta þeim í margvíslegum störfum. Nám í lögfræði getur þannig farið fram samhliða námi í öðrum greinum, t.d. viðskipta- eða stjórn málafræði.

Ekki verður heldur framhjá því lítið að hér á landi, eins og á öðrum Norðurlöndum, hafa verið gerðar þær kröfur til dómara og lögmanna að þeir geti farið jafnt með einkamál sem sakamál og þar með leyst úr hvers kyns lögfræðilegum álitaefnum. Í samræmi við þetta hafa verið gerðar þær kröfur til þeirra, sem gegna þessum störfum, að þeir hafi að baki minnst fimm ára háskólanám í lögfræði, þar sem þeir hafa lagt stund á alhliða nám í lögvísindum.

Því miður hefur umfjöllun um framtíð laganáms hér á landi ekki tekið nægilegt tillit til þessa. Í þeirri umræðu hefur nám í lögvísindum verið lagt að jöfnu við annars konar nám í lögfræði og jafnvel hefur orlað á þeirri skoðun að lítið sem ekkert mál sé að bjóða upp á kennslu í lögfræði fyrir verðandi dómara og lögmenn þessa lands. Sannleikurinn er hins vegar sá að á meðan tiltölulega auðvelt er að bjóða upp á kennslu, sem miðast við afmörkuð svið lögfræði, á alls ekki það sama við um alhliða kennslu í lögvísindum. Þannig verður háskóladeild að fullnægja tilteknum lágmarkskröfum til þess að geta boðið upp á slíka kennslu. Þrátt fyrir smæð sína í alþjóðlegu samhengi verður að telja að lagadeild Háskóla Íslands fullnægi þeim kröfum.

Í fyrsta lagi höfðar deildin til samfélagsins alls, en ekki til eins eða fleiri afmarkaðra þátta þess. Í samræmi við það er gert ráð fyrir að nemendur ljúki námi í öllum grunngreinum lögfræði, þ. á m.



Eiríkur Tómasson

forseti lagadeildar
Háskóla Íslands

réttarheimspeki, á fyrstu þremur námsárunum. Samkvæmt nýlegri ákvörðun deildarinnar lýkur þessu grunnnámi með BA-prófi í lögfræði. Að því búnu tekur við tveggja ára framhaldsnám. Því lýkur með kandidatsprófi í lögfræði sem er jafngilt meistaraþrófi í greininni. Í framhaldsnáminu er nemendum annars vegar boðið upp á að velja milli 40-50 ólíkra kjörgreina og hins vegar er lögð áhersla á að tengja námið rannsóknum. Þannig er ætlast til að nemendur vinni sjálfstætt að margvíslegum verkefnum í tengslum við kennslu í einstökum kjörgreinum. Framhaldsnáminu lýkur síðan með viðamikilli ritgerð eða samþærigu lokaverkefni.

Í öðru lagi er deildin hluti af háskólasamfélagi. Vegna þess gefst nemendum kostur á því að stunda nám við aðrar deildir Háskóla Íslands, t.d. viðskipta- og hagfræðideild eða félagsvísinda-deild. Á grundvelli samstarfs Háskóla Íslands við gamalgróna rannsóknaháskóla erlendis býðst þeim jafnframt að stunda hluta af framhaldsnáminu við aðra háskóla víðs vegar um heim. Hefur Háskóli Íslands ótvírætt sérstöðu að þessu leyti í samanburði við aðra skóla á háskólastigi hér á landi.

Í þriðja lagi hefur deildin á að skipa hæfum kennurum í öllum grunngreinum lögfræði og að auki í mörgum sérgreinum hennar. Fastráðnir kennarar deildarinnar, þ.e. prófessorar, dósentar og lektorar, hafa allir verið ráðnir samkvæmt opinberum auglýsingum um störf og á grundvelli rökstuddra dómnefndarálita um hæfi þeirra sem kennara. Síðastnefnda aðferðin er hvarvetna viðhöfð í alvöru háskólum, enda er mælt fyrir um hana í núgildandi lögum um háskóla. Að auki annast fjöldi hæfra og vel menntaðra stundakennara kennslu við deildina.

Í fjórða lagi eru stundaðar víðtækar rannsóknir í lögfræði á vegum deildarinnar. Um það er ekki deilt að til þess að háskóli geti talist eiginlegur

rannsóknaháskóli verði að fara saman kennsla og rannsóknir, þar sem hvor þátturinn styður hinn. Í samræmi við þetta eru rannsóknir hluti af vinnuskyldu allra fastra kennara við deildina og má segja að það sé forsenda fyrir rannsóknatengdu námi nemenda á síðari stigum lagánámsins. Afrakstur rannsóknanna er m.a. margvíslegt kennsluefni sem stuðst er við í kennslu við deildina og er ekki aðgengilegt fyrir nemendur í öðrum skólum á háskólastigi. Jafnframt hafa kennarar og nemendur deildarinnar aðgang að lagabókasafni sem er hið stærsta sinnar tegundar hér á landi.

Í fimmta lagi má nefna fjölbreytt og öflugt félagslíf nemenda við deildina sem óþarfi er að fjölyrða um á þessum vettvangi. Þó er ástæða til að geta þess að laganeimar gefa út veglegt lögfræðitímarit, Úlfljót, og hafa einnig veitt þeim, sem minna mega sín í þjóðfélaginu, ókeypis lögfræðiráðgjöf. Þetta hvort tveggja og reyndar fleiri þættir í félagslífi nemenda styðja við bakið á sjálfu lagánáminu.

Eins og kunnugt er, bjóða nú fleiri skólar hér á landi upp á nám í lögfræði á háskólastigi en Háskóli Íslands. Þessu framtaki ber að fagna því að enginn vafi leikur á því að aukin lögfræðimenntun meðal háskólamenntaðs fólks mun koma íslensku samfélagi að góðum notum í framtíðinni. Ef rétt er að málum staðið mun samkeppni sú, sem af þessu hlýst, einnig verða til góðs.

Það má hins vegar ekki gleymast að íslenska þjóðin er mjög fámenn í samanburði við flestar aðrar Evrópuþjóðir. Við þurfum því að ætla okkur

Ekki verður heldur framhjá því litið að hér á landi, eins og á öðrum Norðurlöndum, hafa verið gerðar þær kröfur til dómara og lögmanna að þeir geti farið jafnt með einkamál sem sakamál og þar með leyst úr hvers kyns lögfræðilegum álitaeftum.

af í samkeppninni. Í Danmörku, þar sem íbúar eru tuttugu sinnum fleiri en hér á landi, eru það t.d. aðeins tveir háskólar, Kaupmannahafnarháskóli og Árósháskóli, sem hafa heimild til þess að útskrifa embættisgenga lögfræðinga. Aðrir skólar þar í landi bjóða upp á sérhæft nám í lögfræði á háskólastigi, t.d. viðskiptalögfræði og stjórnsýslu-

lögfræði. Þessir skólar hafa á að skipa merkur fræðimönnum á þessum sviðum og eru þar með vissulega í samkeppni við hina gamalgrónu háskóla.

Á liðnum árum hafa lögfræðingar, sem útskrifast hafa frá lagadeild Háskóla Íslands, staðist samanburð við lögfræðinga sem hlotið hafa menntun sína erlendis. Það er hins vegar á mörkunum að deildin geti sinnt skyldum sínum sem fullburða lagadeild vegna þess fjárskorts sem hana hrjáir. Háskóli Íslands hefur til ráð-

stöfunar mun lægri fjárhæð til kennslu hvers laganeima en einkareknir skólar á háskólastigi. Í ofanálæg er þetta fé, ætlað lagakennslu, skert enn frekar, svo að unnt sé að halda uppi kennslu í fámennum greinum innan annarra deilda Háskólans. Niðurstaðan er sú að lagadeild fær í sinn hlut næstum helmingi minna fé til kennslu hvers laganeima en þær deildir sem hún þarf að etja kappi við. Þessi fjárhagslega mismunun er ekki einvörðungu óþekkt annars staðar og með öllu óþolandi, heldur kann hún að leiða til þess að deildin geti ekki til langframa risið undir nafni sem fullburða lagadeild. Vonandi verður þó komið í veg fyrir slíkt slys með því að gera lagadeild Háskóla Íslands það fjárhagslega kleift að rækja áfram hlutverk sitt sem miðstöð kennslu og rannsókna á sviði íslenskrar lögfræði.

– Sérstaða Háskólans í Reykjavík

Nýir og spennandi tímar eru framundan í laganámi á Íslandi.

Lagadeild Háskólans í Reykjavík hefur tekið til starfa. Við þá deild verður boðið uppá nám til BA gráðu og meistara-gráðu í lögfræði. Með tilkomu lagadeildar HR hafa fleiri valkostir skapast fyrir þá sem leggja vilja stund á laganám hér á landi, stunda lagakennslu og/eða rannsóknir í sviði lögfræði. Ekki er ástæða til annars en álykta að samkeppni á þessum sviðum muni efla lagamenntun hér á landi, lögfræðingum og þjóðfélaginu öllu til heilla.

Við lagadeild HR verður boðið uppá nám sem að meginstefnu er grundvallað á þeim greinum lögfræðinnar sem oft eru nefndar grunn- eða kjarnagreinar. Þá verður jafnframt lögð veruleg áhersla á ýmsar aðrar greinar sem segja má að hafi á undanförunum árum öðlast aukna þýðingu í störfum lögfræðinga, einkum vegna sífellt flóknara lagaumhverfis í atvinnurekstri, tæknipróunar og alþjóðavæðingar. Nægir þar að nefna greinar eins og félagarétt, samkeppnisrétt, skattarétt og Evrópuréttinn svonefnda. Þessar áherslur endurspeglast í skipulagi „skyldunámsins“ en einnig í framboði valgreina.

Þá er rétt að nefna sérstaklega að námskeið í bókhaldi og greiningu ársreiknga er meðal náms-efnis á fyrstu önn í laganáminu við HR og hygg ég að lögfræðingar, ekki síst lögmenn, geti almennt verið sammála um að ekki sé vanþörf á slíku námi innan ramma laganámsins.

Ég hygg að sérstaða lagadeildar HR ráðist ekki eingöngu af því hvaða greinar verði kenndar við deildina á hverjum tíma, í hvað röð það verði gert og hvaða námsefni verði notað. Nemendur við lagadeildina verða þátttakendur í „kúltúr“ HR sem ein-kennist m.a. af áherslu á



Þórður S. Gunnarsson

forseti lagadeildar Háskólans í Reykjavík

notkun rafrænna miðla í námi, verulegri áherslu á verkefnavinnu (einstaklings- og hópverkefni) þar sem reynt er að örva frumkvæði nemenda og hvetja þá til sjálfstæðra vinnubragða, nánú samstarfi við atvinnufyrirtæki, umhverfi án „deildarmúra“ og náms- og vinnuumhverfi sem ein-kennist af mikilli samvinnu nemenda og kennara.

Ég lít bjartsýnn fram á veginn, þegar rætt er um laganám og starfsmöguleika íslenskra lögfræðinga. Ég er eins og fram er komið afar bjartsýnn á að lagamenntun á Íslandi sé að sigla inni

gróskutíma. Sennilega munu lagadeildir, að einhverju marki, leggja mismunandi áherslur í kennslu og námsframboði. Nemendur koma til með að sækja þangað sem þeir telja að besta kennslan sé í boði og nám við þeirra hæfi og markaðslögmálin munu ríkja. Lagadeild HR er hvergi bangin við samkeppnina en við berum jafnframt mikla virðingu fyrir þeim sem við okkur keppa. Við munum leita eftir samstarfi við aðrar lagadeildir eftir því sem skynsamlegt þykir og hyggjum gott á jákvætt og uppbyggjandi samstarf bæði milli deilda og einstaklinga (nemenda og kennara).

Um atvinnumöguleika íslenskra lögfræðinga er þetta að segja. Við þurfum á mörgum sviðum að snúa vörn í sókn. Samþætt menntun á lögfræði- og viðskiptasviði getur orðið öflugt vopn í þeirri baráttu. Þörfin fyrir vel menntaða „fyrirtækjalögfræðinga“ fer vaxandi. Alþjóðavæðingin og tækniframfarir kalla á nýjar áherslur. Aukinni samkeppni frá öðrum starfsstéttum og kröfunni um aukna sérhæfingu á lögfræðisviðinu verður að svara m.a. í laganámi. Lögfræðingar eins og aðrir verða að hlýða kalli tímans!

Ástæða er á þessum vettvangi að færa þeim fjölmörgu lögmönnum er stutt hafa stofnun lagadeildar HR með ráði og dáð bestu þakkir.

Aukinni samkeppni frá öðrum starfsstéttum og kröfunni um aukna sérhæfingu á lögfræðisviðinu verður að svara m.a. í laganámi. Lögfræðingar eins og aðrir verða að hlýða kalli tímans!

- Sérstaða Viðskiptaháskólans á Bifröst

FYRIR RÉTTU ári var brotið blað í sögu lögfræðikennslu á Íslandi þegar Viðskiptaháskólinn á Bifröst hóf kennslu í nýrri deild, lögfræðideild. 37 nemendur luku þar fyrsta ári í vor og um 40 nýir nemendur hefja nám í haust. Á því rúma ári sem liðið er hefur lifnað verulega yfir umræðu um laganám á Íslandi og framboð náms á því sviði hefur aukist verulega. Nú síðast bárust fréttir af því að Háskólinn á Akureyri hygðist setja á fót laga-deild næsta haust.

Þessi viðbrögð styrkja okkur enn í þeirri trú að stofnun lögfræðideildar á Bifröst hafi verið þörf og tímabær ákvörðun. Með auknu framboði á laganámi aukast möguleikarnir til sérhæfingar og sérstöðu innan lögfræðinnar auk þess sem fleirum gefst kostur á að leggja stund á laganám. Aukin samkeppni milli skóla hvetur enn fremur til þess að þeir marki sérstöðu og hugi stöðugt að umbótum í kennslu, rannsóknum og rekstri. Það er ekki sjálfgefið að allir þeir skólar sem nú kenna, eða hyggjast hefja kennslu í lögfræði, muni gera það áfram að einhverjum árum liðnum. Þeir verða að standast samanburð við það besta sem gert er á hverjum tíma.

Það er trú mín að fjölbreyttara námsframboð styrki bæði laganám og íslenska lögfræði þegar fram líða stundir og geri umfjöllun um lögfræðileg málefni áhugaverðari.

Hvað er viðskiptalögfræði?

Lögfræðinámið á Bifröst er þriggja ára grunnnám, sem lýkur með BS gráðu í viðskiptalögfræði. Námið er byggt þannig upp að fléttuð eru saman fjármálatengd fög og lögfræði á sviði viðskipta og rekstrar. Þessar tvær greinar, viðskiptafræði og lögfræði, eru kenndar samtímis og til nokkurn veginn jafnmargra eininga. Um það



Ingibjörg Þorsteinsdóttir

deildarstjóri
lögfræðideildar
Viðskiptaháskólans á
Bifröst

bil fimmtungur námsins felst hins vegar í ýmsum almennum grunnnám-skeiðum, svo sem aðferðafræði, síðfræði og stærðfræði. Nemendur á 1. og 2. ári fylgjast að í námi en þriðja árið er kennt sér með aukinni áherslu á þjálfun vísindalegra vinnubragða og vinnu í alþjóðlegu umhverfi, m.a. með kennslu á ensku og skiptinemadvöl við samstarfsháskóla okkar erlendis. Að loknu þriggja ára námi á Bifröst eiga nemendur að vera reiðubúnir til starfa út í atvinnulífina, þar sem þörf er starfsmanna með haldgóða þekkingu á lögfræðilegum og fjárhagslegum þáttum fyrirtækjarekstrar. Bankar og aðrar fjármálastofnanir, ráðgjafafyrirtæki og lögmánsstofur, eru dæmi um fyrirtæki sem líkleg eru til að sækjast eftir viðskiptalögfræðingum til starfa.

Sérstaða Bifrastar

Bifröst er eini háskólinn hérlendis sem býður upp á þriggja ára nám í viðskiptalögfræði til BS gráðu. Boðið hefur verið upp á nám af þessu tagi erlendis um árabil. Við undirbúning og skipulag námsins á Bifröst var litið til erlendra fyrirmynnda, einkum skóla í Danmörku, Þýskalandi og Bandaríkjunum. Samstarfsháskóli Bifrastar í Lüneburg í Þýskalandi, er til dæmis einn eftirsóttasti skóli landsins á sviði viðskiptalögfræði og hefur aðsóknin í hann og viðtökur atvinnulífsins farið langt umfram áætlanir.

Bifröst hefur sérstöðu meðal íslenskra háskóla í ýmsu til-liti. Stærð skólans og staðsetning skapar honum óhjákvæmilega sérstöðu. Bifröst er einn minnsti háskóli á landinu og þótt nemendum fjölgi þar umtalsvert á næstu árum verður hann áfram smár í sniðum. Staðsetning utan þéttbýlis, gerir aðstöðu til náms líka öðruvísi og eftirsóknarverða í augum margra.

Kennsluáðferðir gera vinnu

á Bifröst ólíka því sem menn eiga að venjast. Í 80 ára sögu skólans hefur ávallt verið lögð mikil áhersla á hagnýta beitingu þekkingar. Á þeim forsendum eru fyrirlestrar fyrirferðarlítill hluti kennslunnar. Í þeirra stað eru verkefnatímar með kennara í smærri nemendahópum og úrlausn verkefna af ýmsu tagi uppistaðan í kennslu í skólanum. Námsmat er jöfnum höndum byggt á verkefnum og prófum. Á hverju misseri vinna nemendur stærri hópverkefni að eigin vali. Markmið þess er að gefa þeim færi á að dýpka þekkingu sína á tilteknum sviðum, sýna fram á færni í að beita þekkingu sem þeir hafa aflað og síðast en ekki síst, að geta sett hana fram skriflega og varið hana við málsvörn. Með þessari blöndu af handleiðslu og kröfu um sjálfstæði nemenda hefur Bifröst markað sér skýra kennslufræðilega sérstöðu í íslensku skólakerfi.

Bifröst hefur vakið athygli hérlendis og erlendis fyrir forystu í tölvumálum. Bifröst var fyrsti skólinn á landinu til að fartölvuvæðast og koma upp þráðlausu neti á öllu svæðinu. Þetta hefur haft mikil áhrif á vinnu nemenda. Þeir vinna með fartölvur öllum stundum og eru með opin aðgang að netinu allan sólarhringinn þar með talið í tímum og í prófum. Slík notkun gagna er víðast hvar bönnuð í prófum en nám og kennsla á Bifröst er beinlínis byggð á því að nemendur nýti sér öll tiltæk gögn. Markmið okkar er að þjálfa nemendur í öflun og beitingu þekkingar en minni áhersla er lögð á utanbókarlærdóm.

Sérhæfðir fyrirtækjalögmennt

BS gráða í viðskiptalögfræði er hagnýtt nám sem ætlað er að veita greiðan aðgang að sérfræðinga- og stjórnunarstörfum á breiðu sviði viðskiptalífsins. Jafnframt er því ætlað vera traustur grunnur að frekara framhaldsnámi. Ýmsar leiðir standa nemendum opnar. Viðskiptalögfræði er kennd til meistara- og doktorsgráðu í mörgum háskólum erlendis. Þá er greið leið til framhaldsnáms í viðskiptafræði, bæði innanlands og utan. Loks hefur Bifröst í hyggju að bjóða upp á framhaldsnám í báðum deildum skólans og er stefnt að því að slíkt nám hefjist haustið 2004. Í lögfræðideildinni er í undirbúningi 2 ára framhaldsnám í

lögfræði sem lyki með meistara-gráðu. Markmið þess náms er að undirbúa nemendur undir sérhæfð lögmannsstörf. Áfram verður áherslan á þær greinar lögfræðinnar sem tengjast fyrirtækjarekstri en aðaláherslan þó á ýmsar undirstöðugreinar lögfræðinnar þar sem réttarfar er augljóslega fyrirferðamikil.

Verða lögfræðingar of margir?

Það er líklegt að lögfræðingum og lögmenntum eigi eftir að fjölga nokkuð á næstu árum í kjölfar aukins námsframboðs. Vafalaust mun fjölgun lögfræðinga hafa áhrif á atvinnumöguleika þeirra og ýmsir óttast að það muni þrengja óhóflega að þeim. Ég tel þó mun líklegra að aðrar breytingar verði meira áberandi. Í fyrsta lagi má leiða að því líkur að aukin þörf sé á sérhæfingu meðal lögfræðinga. Fleiri skólar með skýra sérstöðu eru betur í stakk búnir til að mæta þeirri þörf heldur en einn lagaskóli. Fjölgi lögfræðingum á vinnumarkaði má auk þess gera ráð fyrir að þeir hasli sér völl víðar en nú er. Því hefur verið haldið fram að lögfræðingum hafi fækkað í ýmsum stjórnunar- og ábyrgðarstöðum þar sem vera þeirra þótti sjálf-sögð fyrir nokkrum áratugum. Þetta gæti snúist við á ný. Loks kunna ýmsir að vilja leggja stund á lögfræði án þess að stefna að lögmenntu. Benda má á að fæstir sem lokið hafa hefðbundnu prófi frá lagadeild HÍ, stunda lögmenntu að aðalstarfi. Ef til vill er hefðbundið laganám ekki gagnlegasti undirbúningurinn fyrir ýmis þau störf sem lögfræðingar sinna nú. Það er því ekki ólíklegt að nokkur eftirspurn sé eftir styttra eða sérhæfðara námi í lögfræði, ekki síst þar sem því er fléttað saman við nám í öðrum greinum, stjórn málafræði, félagsfræði eða sagnfræði, svo dæmi séu tekin.

Áhyggjur af atvinnuleysi lögfræðinga eru á misskilningi byggðar. Misskilningurinn felst í því að ganga út frá því að til sé tiltekinn fjöldi starfa fyrir lögfræðinga og þegar ráðið hefur verið í þau öll verði hinir atvinnulausir. Þannig er því ekki farið. Fólk skapar sér tækifæri sjálf. Takist okkur að útskrifa hæfari og fjölbreyttari hóp lögfræðinga þá munu atvinnutækifæri þeirra að sama skapi verða fjölbreyttari og meira krefjandi. Af því þarf ekki að hafa nokkrar áhyggjur.

- laganám við Háskólann á Akureyri

Menntamálaráðherra, Tómas Ingi Olrich, tilkynnti á háskólahátíð Háskólans á Akureyri í júní sl. að hann vildi stuðla að því að laganám hefjist við HA haustið 2003 ásamt námi í félagsvísindum.

Undirbúningur laganáms við Háskólann á Akureyri hefur staðið vel á annað ár. Starfsmaður stofnunarinnar hefur haft það verkefni að leita hugmynda og leiða til að gera slíkt nám að veruleika. Fyrr á þessu ári skipaði háskólaráð undirbúningshóp vegna þessa náms. Í þeim hópi eru: Guðmundur Heiðar Frímannsson, deildarforseti kennaradeildar HA formaður, Guðmundur Alfreðsson, forstöðumaður Raoul Wallenberg stofnunarinnar í Lundi, Sigurður Líndal, prófessor emeritus, og Mikael Karlsson prófessor við HÍ. Nefndin skilaði áfangaskýrslu í maí og háskólaráð samþykkti að unnið yrði áfram að undirbúningi laganáms.

Háskólinn á Akureyri hefur frá upphafi miðað starfsemi sína við athafnalíf í landinu, sérstaklega á landsbyggðinni. Hann hefur leitast við að námið væri hagnýtara en kannski er algengast í háskólastofnunum samtímans. Þess er jafnframt gætt að það námið uppfylli allar fræðilegar kröfur. Skólinn leitast þannig við að sameina skyldur sínar við samfélagið skyldum sínum við fræðin. Laganám fellur vel að þessum áherslum Háskólans á Akureyri.

Mikil gerjun hefur verið í laganámi á Íslandi á síðustu misserum. Lagadeild HÍ hefur verið að endurskoða námið hjá sér og háskólarnir í Reykjavík og á Bifröst hafa boðið upp á laganám. Háskólinn á Akureyri telur sig eiga erindi í þessa gerjun laganáms á Íslandi og þá samkeppni í framboði laganáms sem þessi fjölgun háskóla veldur. Samkeppni í framboði laganáms ætti að öðru jöfnu að tryggja fjölbreytni í laganámi og um leið að vera



Þorsteinn Gunnarsson

rektor Háskólans á Akureyri

aðhald að þeim stofnunum sem það bjóða. Aukið framboð laganáms ætti því að tryggja það að nemendur fái góða undirstöðu í þekkingu á lögum, geti valið um ólíkar áherslur í náminu, vandaða og vel undirbúna kennslu í nokkrum skólum. Samkeppnin verður líka að tryggja að sanngjörnum kröfum til nemenda er framfylgt. Það er ásetningur Háskólans á Akureyri að laganámið geri strangar kröfur til nemenda og ekki verði slakað á í þeim efnum. Fyrirhugað er að laganáminu við HA verði skipt í tvennt, þriggja ára BA nám og síðan taki við tveggja ára sérhæfing, embættisstig. Í upphafi myndi

HA einungis bjóða upp á B.A. stigið en stefnt að því innan skamms tíma að bæta við embættisstiginu á sérhæfðum sviðum. Það er æskilegt að fara að byggja upp rannsóknir á völdum sviðum lögfræðinnar um leið og kennsla hefst til BA gráðu ef það tekst að fjármagna slíkar rannsóknir.

Hugmyndin er sú að námið til BA prófs verði almennt, fjalli um forsendur og sögu laga, nái til helstu atriða opinbers réttar sem og einkamálaréttar, og gæti að túlkun laga og ýmsu öðru. Hugað verður að einhverri sérhæfingu en tillögur um það efni eru ekki fullmótaðar.

Sérhæfingin kemur fyrst og fremst til á embættisstiginu. Við að móta hugmyndir um sérhæfingu hefur verið unnið með tvennt. Annað er heimskautaréttur en undir hann geta fallið umhverfisréttur, hafréttur, frumbyggjaréttur, samانبurður á landsrétti þjóða á heimskautasvæðunum. Sérstök áhersla gæti verið á hafrétti á Norður-Atlantshafi en þekking á þeim rétti gæti orðið verðmæt fyrir Íslendinga í framtíðinni. Sömuleiðis mætti kenna fiskirétt og strandrétt og íslenzku löggjöfina um stjórn fiskveiða. Hitt atriðið er réttarstaða og stjórnsýsluréttur örríkja eða smárra smárikja. Þá verður farið yfir stjórnsýslulög í smáum ríkjum og sveitarstjórnarrétt, sérstaklega í tengslum við þróunina í Evrópu.

Fyrirhugað er að laganáminu við HA verði skipt í tvennt, þriggja ára BA nám og síðan taki við tveggja ára sérhæfing, embættisstig.

Á báðum þessum sviðum yrði áherslan á lönd á norðurslóðum. Rétt er að benda á að heimskautarétturinn á við bæði heimskautin og rannsóknir gætu tekið mið af tengslum við lagalega stöðu Suðurskautsins. Það er einnig rétt að benda á að það eru nánin tengsl á milli þessara áhersluatriða, þau eru ekki algerlega aðskilin og óháð hvort öðru.

Það er ásetningur Háskólans á Akureyri að þetta verði áhersluatriði í laganáminu og rannsóknum tengdum því. Það ætti hins vegar að vera öllum ljóst að sæki nemendur ekki í nægilegum mæli í nám á þessum sérsviðum þá verður því ekki haldið úti.

Háskólinn á Akureyri hefur óskað eftir samvinnu við lagadeild Háskóla Íslands um uppbyggingu laganáms og munu viðræður hefjast á komandi hausti.

Starfsmannabreytingar á skrifstofu Lögmannafélags Íslands.

Jóna K. Kristinsdóttir, sem starfað hefur í félagsdeild Lögmannafélags Íslands frá því í ársbyrjun 2000, hefur látið af störfum hjá félaginu. Lögmannafélag Ísland þakkar Jónu fyrir sérstaklega vel unnin störf fyrir félagsdeildina á undanförunum árum og óskar henni jafnframt velfarnaðar í starfi á nýjum vettvangi, en hún hefur hafið störf hjá Intrum á Íslandi.

Í stað Jónu hefur Lögmannafélagið ráðið Eyrúnu Ingadóttur til starfa í félagsdeild. Eyrún, sem er 35 ára, lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum að Laugavatni 1987 og BA-prófi í sagnfræði frá Háskóla Íslands árið 1993. Eyrún starfaði síðast sem framkvæmdastjóri Landssambands sendibifreiðastjóra, auk þess að sinna ritstörfum. Með starfi sínu leggur Eyrún einnig stund á nám í starfsmannastjórnun við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands. Eyrún á tvö börn, 9 ára dóttir og 4 ára son. Lögmannafélagið býður hinn nýja liðsmann velkominn til starfa.



Margar aðgerðir.....

eitt tæki

Allt frá því XEROX fann upp ljósrítunarvélina árið 1959, hefur XEROX verið í farabroddi hvað varðar nýjungar á sviði skjalavinnslu.

XEROX WorkCentre Pro 412 er sannkallað margmiðlunartæki þar sem á einum stað er í boði stafræn ljósrítun, prentun, litaskönnun og fax.

Með XEROX WorkCentre Pro 412 fylgir einnig hugbúnaður til að flokka og vista skjöl og minnka þannig pappírslæðið á skrifstofunni.

Gerðu eins og fagmennirnir, veldu XEROX.

Ljósritar og prentar
baggja vegna sjálfkrafa



- Ljósrítunarvél, prentari, fax og litaskanni
- Prenthraði 12 bls á mínútu
- Prentar beggja vegna sjálfkrafa (duplex)
- 30 bls frumritamatari
- 1200 x 1200 pt. Laserprentun
- 550 bls. pappírskúffa og 50 bls. bypass
- 4800 ptt litaskönnun
- PaperPort skjalavistunarhugbúnaður
- TextBridge Pro OCR hugbúnaður
- ControlCentre prentstýribúnaður
- USB prentengi
- Ethernet (aukabúnaður)

OPTIMA

Ármúli 8 - 108 Reykjavík
Sími 588 9000 Fax 568 1595

Skipting lífeyrisréttinda við skilnað

Dómur Hæstaréttar frá 26. apríl 2002

Dómurinn og lögin:

Þann 26. apríl sl. gekk dómur í Hæstarétti í málinu nr. 170/2002. Með dómnum staðfesti Hæstiréttur niðurstöðu héraðsdóms Reykjaness í máli er varðaði túlkun á 102. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993. Í málinu féllst Hæstiréttur á að M bæri bæta K með fjárgreiðslu það að M skyldi halda lífeyrisréttindum sínum utan skipta við skilnað þeirra.

Í 1. mgr. 2. tl. 102. gr. hjúskaparlaga kemur m.a. fram að maki geti krafist þess að réttindi í opinberum lífeyris-sjóðum eða einkalífeyrissjóðum, komi ekki undir skiptin við skilnað. Í 2. mgr. sömu greinar segir m.a. „Nú þykir ósanngjarnt gagnvart hinum mannum að verðmætum eða réttindum skv. 2., 3. eða 4. tölul. sé haldið utan skipta og er þá heimilt að bæta honum það með fjárgreiðslum sem eftir atvikum má inna af hendi með nánar greindum afborgunum.“

Málavextir í stórum dráttum:

Atvik málsins voru þau að M, flugstjóri, fæddur 1952 og K, heimavinnandi, fædd 1957 hófu sambúð í september 1983 og giftu sig í september 1986. Þau eignuðust saman tvö börn, fædd 1985 og 1990. Að auki áttu þau sitthvort barnið frá fyrri samböndum. K var heimavinnandi frá 1985, en M starfaði allan sambúðar- og hjúskapartímann úti, fyrst sem flugmaður og síðar flugstjóri. Samkomulag var þeirra í milli um að K væri heimavinnandi, m.a. til þess að M gæti helgað sig starfi sínu. M greiddi í lífeyrissjóð FÍA, en K aflaði sér lítilla sem engra lífeyrisréttinda. M og K skildu árið 2001 og gerði M kröfu til þess að lífeyrisréttindum hans yrði haldið utan skiptanna með vísan til 1. mgr. 102. gr. hjúskaparlaga. K gerði kröfu til þess að fá peningagreiðslu frá M vegna lífeyrisréttindanna sem hann héldi utan skiptanna með vísan til 2. mgr. 102. gr. hjúskaparlaga.

Lífeyrisréttindin og dómkrafan:

Fyrir lá staðfesting lífeyrissjóðs FÍA um að ef M myndi hætta að greiða í lífeyrissjóðinn við skilnað



**Helgi
Jóhannesson**

hrl.

myndi hann fá sem svaraði til kr. 141.297- í lífeyrisgreiðslur á mánuði frá 65 ára aldri til dauðadags. Ef M héldi hins vegar áfram að greiða í sjóðinn til 65 ára aldurs myndi hann fá kr. 575.468- á mánuði eftir 65 ára aldur.

Dómkrafan var þannig fornuð að reiknað var út höfuðstólsverðmæti lífeyrisréttindanna við skilnað miðað við meðaltals lífslíkur 49 ára karla og 4,5% ársvexti. Niðurstaða þess útreiknings var sú að höfuðstólsverðmætið næmi kr. 8.508.000-. og var í málinu gerð krafa til þess að M greiddi

K helming þeirrar fjárhæðar, eða kr. 4.254.000-.

Sjónarmið aðila:

Helstu sjónarmið K í málinu voru þau að lífeyriseign M væri öll til kominn vegna vinnu hans á þeim tíma sem þau höfðu verið samvistum og vinna K á heimilinu hefði gert M kleift að afla sér þeirra réttinda sem hann vildi nú halda utan við skiptin. Hún hefði á tímabilinu nánast engar tekjur haft og ætti því enga lífeyrissjóðsinneign. Bent var á að möguleikar M til að koma sér upp eignum eftir skilnaðinn væru mun betri en K sem er ómenntuð og ekki með neina starfsreynslu, en hann í góðri vel launaðri vinnu. Taldi K því bersýnilega ósanngjarnt að halda svo miklum verðmætum utan skiptanna.

Af hálfu M var m.a. á það bent að K væri ung (44 ára gömul) og heilsuhraust og henni því ekkert að vanbúnaði að fara út á vinnumarkaðinn eftir skilnaðinn. Þá kvað M lífeyrisréttindi hans vera persónubundin og honum ætluð að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem óvíst væri hvort yrðu uppfyllt. Þannig myndi hann ekkert fá úr sjóðnum ef hann létist fyrir 65 ára aldur. Þá var einnig á það bent að skv. samþykktum lífeyrissjóðs FÍA þarf samkomulag hjóna til að koma til að hægt sé að skipta lífeyrisréttindunum, en slíkt samkomulag væri ekki til staðar í málinu. Af hálfu M var ekki talið ósanngjarnt að halda lífeyrisréttindunum fyrir utan skiptin og m.a. á það bent að K myndi fá um kr. 95.000- á mánuði í ellilífeyri þegar þar að kæmi og því væri ekki ýkja mikill munur á þeirri greiðslu

og því sem M fengi ef hann hætti að greiða í lífeyrissjóð FÍA við skilnaðinn.

Niðurstaðan:

Niðurstaða málsins var sú að M var gert að greiða K kr. 2.500.000-. Niðurstaða héraðsdóms var staðfest af Hæstarétti með vísan til forsendna. Hér að neðan er að finna helstu atriðin sem virðast skipta máli við úrslausn málsins og fram koma í niðurstöðu héraðsdóms:

„Er óumdeilt að sóknaraðili hafði borið hitann og þungann af heimilisstörfum og uppeddi barna þeirra á samvistartímanum, þótt deila megi um nauðsyn þess að hún væri heimavinnandi allan tímann, eins og varnaraðili bendir á máli sínu til stuðnings. Á hitt ber þó að líta að svo virðist sem aðilar hafi verið samhuga um þá tilhögun, á meðan allt lék í lyndi, og verður við það miðað við úrslausn málsins.“

„Vegna starfa sinna á heimilinu í tæpa tvo ára-tugi aflaði sóknaraðili nánast engra tekna og þar með lífeyrisréttinda sér til handa.“

„Varnaraðili á hinn bóginn í öruggri atvinnu, með háar tekjur og mun að óbreyttu verða búinn að afla sér verulegra lífeyrisréttinda þegar hann nær 65 ára aldri.“

„Við mat á því hvort halda skuli lífeyrisréttindum varnaraðila utan skipta, sbr. 2. mgr. 102. gr. hjúskaparlaga, verður að líta heildstætt á allar aðstæður aðila, eins og þær eru í raun ...“

„Þegar allar aðstæður málsaðila eru virtar heildstætt telur dómurinn ósanngjarnt að lífeyrisréttindum varnaraðila sé haldið utan skipta.“

„Þegar litið er til þess hagræðis að sóknaraðili fær hlutdeild í lífeyrisréttindum varnaraðila greidda nú þegar og að sú fjárhæð myndar ekki stofn til greiðslu tekjuskatts hjá henni þykir rétt að lækka fjárhæðina að tiltölu.“

Lokaorð:

Öruggt má telja að dómur þessi hafi nokkurt forðæmisgildi. Á hitt ber hins vegar að líta að nú til dags er það æ óalgengara að konur vinni ekki úti á hjúskapartímanum og afli með því sjálfstæðra lífeyrisréttinda sér til handa. Svo sem fram kemur í niðurstöðu héraðsdóms eru aðstæður aðila í málinu virtar heildstætt og hlýtur þar að vega mjög þungt að K átti enga lífeyrissjóðsinneign við skilnaðinn. Niðurstaðan hefði e.t.v. orðið önnur ef hún hefði t.d. með venjulegri skrifstofuvinnu eða verslunarstörfum aflað sér lífeyrisréttinda á hjúskapartímanum, jafnvel þó þau réttindi hefðu ekki verið eins

verðmæt og lífeyrisréttindi M vegna þess hversu háar tekjur hans voru.

Svo sem bent var á af hálfu M í málinu eru lífeyrisréttindi persónubundin réttindi sem koma einungis til greiðslu að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Það má að mínu áliti setja spurningamerki við það hvort eðlilegt sé að hinn aðilinn geti fengið eingreiðslu sé slíkum réttindum haldið utan skipta, án tillits til þess hvort nauðsynleg skilyrði fyrir útgreiðslu réttindanna verði uppfyllt. Ég tel í þessu sambandi vert að huga að því að breyta lögum og reglum um lífeyrissjóði þannig að engar hindranir megi vera fyrir því að áunnum lífeyrisréttindum sé skipt milli aðila, með samningi eða dómi. Með því móti væri eytt út úr málum af þessu tagi ágreinings-efnum er líta t.d. að því við hvaða höfuðstólsverðmæti eigi að miða eða hvort skilyrði fyrir útborgun úr viðkomandi lífeyrissjóði verði síðar fyrir hendi eða ekki. Dómkrafan lyti þá að því að fá viðurkenndan með dómi rétt til hlutdeildar í lífeyrisinn- eign hins makans sem kæmi þá til útborgunar að skilyrðum uppfylltum eins og lífeyrir þess aðila sem aflaði réttindanna.

Groa@leiti.is

DiZZ.

Það var mikið að mörlandinn tók við sér. Ég, sem er búin að segja skemmtisögur af lög- mönnum í fjölda ára, átti von á því að þetta gerðist mikið fyrr. Þetta er auðvitað dizzara- kynslóðin. Háskólarnir hafa áttað sig á því að ungt fólk í dag vill dizza og fyrirmyndin er að sjálfsögðu lögmenn sem dizza allt og alla en þó mest hvorn annan. Nú bjóða allir betri háskólar upp á einhverja varíanta af laganámi og þetta svínvirkar – allt að fyllast af núver- andi og áframhaldandi dizzurum.

Kveðja, Gróa.

NIR ráðstefna í Reykjavík

DAGANA 25. til 28. ágúst síðastliðinn var haldin í Reykjavík á vegum NIR 26. norræna ráðstefnan um réttarvernd hugverka á sviði iðnaðar. NIR stendur fyrir Nordiskt Immateriellt Rättsskydd, sem eru heildarsamtök norrænna félaga um vernd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar og átti íslenska aðilarfélagið, SVESI (Samtök um vernd eignaréttinda á sviði iðnaðar), veg og vanda að undirbúningi og framkvæmd ráðstefnunnar. Af hálfu norrænu félaganna tóku ríflega 130 fulltrúar þátt í ráðstefnunni, þar af voru 30 frá Íslandi.

Yfirskrift ráðstefnunnar var „De nya immaterialrättsliga utmaningarna“, sem útleiggst á íslensku „Nýjar áskoranir hugverkaréttarins“, en undirþemu ráðstefnunnar voru „Framtíð hugverkaréttarins á nýrri öld“, „Alþjóðavæðing hugverkaréttarins“, „Lárétt og lóðrétt útpensla hugverkaréttarins“ og loks „Framtíð norræns samstarfs á sviði hugverkaréttar“.

Í setningarræðu Árna Vilhjálmssonar, hrl., formanns SVESI, kom fram að mikil vakning hefði orðið á Íslandi á undanförunum árum um mikilvægi hugverkaréttar fyrir samfélagið og væri fjöldi íslenskra þátttakenda í ráðstefnunni til vitnis um það. Hann rakti framþróun löggjafar á sviði hugverkaréttar á Íslandi og þátt SVESI í endurskoðun íslenskrar einkaleyfalöggjafar og starfi nefndar um aðild Íslendinga að Evrópska einkaleyfasáttmálanum (EPC, European Patent Convention) frá 1975, sem líkur eru á að verði að veruleika innan fárra missera. Árni greindi einnig frá starfi nefndar um uppfinningar starfsmanna sem iðn-



Jón Vilberg Guðjónsson
lögfræðingur, LL.M.

aðarráðherra skipaði í upphafi þessa árs þar sem Árni gegnir formennsku. Ráðgert er að nefndin skili af sér tveimur lagafrumvörpum um réttarstöðu starfsmanna og atvinnurekenda vegna uppfinninga starfsmanna.

Í umræðum um alþjóðavæðingu og framtíð hugverkaréttarins kom fram að samhliða því sem alþjóðavæðingin hefur leitt til aukinnar hagsældar á Vesturlöndum, snýst umræða í þróunarlöndum í auknum mæli um hugverkaréttinn sem tæki iðnríkjanna til að vernda þekkingu sína á sviði lyfja-

og matvælaframleiðslu og koma þannig í veg fyrir hagnýtingu hennar í þróunarlöndunum nema að fullt gjald komi fyrir. En þróunarlöndunum hefur með aðild þeirra að Alþjóða viðskiptastofnuninni (WTO) og TRIPs (Trade related aspects of intellectual property rights) samningnum verið gert að taka upp réttarvernd fyrir einkaleyfi í lyfjaiðnaði og matvælaframleiðslu í þágu iðnríkjanna að loknum aðlögunartíma sem nýlega var framlendur til ársins 2016.

Órjan Grundén, lögmaður frá Svíþjóð, fjallaði um einkaleyfakerfi framtíðarinnar og möguleikann á því að koma á einu alþjóðlegu einkaleyfakerfi.

Dr. Annette Kur, frá Max Planck stofnuninni, gerði grein fyrir helstu reglum um lagaskil og varnarþing vegna brota gegn hugverkarétti sem snerta lögsögu tveggja ríkja eða fleiri.

Í umræðum um lárétta og lóðréttu útpensla hugverkaréttarins var fjallað um síauknar kröfur sem atvinnulífið og hagsmunaaðilar gera til löggjafarstofnana og réttarkerfa ein-

Blikur eru hins vegar á lofti með framhaldið á hinu norræna lagasamstarfi sökum þess að frumkvæði að nýrri lagasetingu á sviði hugverkaréttar kemur nú í auknum mæli frá alþjóðlegum viðskiptasamningum, alþjóðlegum samningum á sviði hugverkaréttar og ekki síst frá framkvæmdstjórn ESB í Brussel.

stakra landa um fjölgun nýrra verndarflokka, myndun nýrra réttahafo og verndartegundar með nýjum verndartímabilum á öllum sviðum hugverkaréttarins, vegna framþróunar í tækni, vísindum og alþjóðaviðskiptum. Rætt var um hættuna á því að þessi þróun gæti leitt af sér sífellt minni kröfur um frumleika, aðgreiningarhæfi og einkaleyfahæfi hugverka og var í því sambandi m.a. fjallað um einkaleyfahæfi tölvuforríta, viðskiptaaðferða og uppgötvana á sviði erfðavísinda og líftækni og skráningu vörumerkja í formi litamerkja, hljóðmerkja og lyktarmerkja. Jafnframt var rætt um tengsl hugverkaréttar og samkeppnisréttar en hugverkarétti er í auknum mæli beitt sem hluta af markaðstæki réttahafo til að verja markaðsímmynd vöru og mismunandi verðlagningu hennar eftir mörkuðum. Einnig var fjallað um nýjar verndarforsendur, aukinn réttindi réttahafo í nýjum verndarflokkum á kostnað undantekninga í þágu einkaafnota og þess háttar (e. fair use), m.a. vegna tilkomu stafrænnar tækni og tæknilegra verndar-ráðstafana, s.s. afritunarverndar og dulkóðunar.

Þátttakendur í framangreindum umræðum voru Dr. Niklas Bruun, prófessor, Finnlandi, Dr. Olav Kolstad, Noregi, Thomas Riis, Ph.D., Danmörku, Dr. Marianne Levin, prófessor, Svíþjóð, Dr. Mads Bryde Andersen, prófessor, Danmörku, Mikael Segercranz, lögmaður, Finnlandi, Jón Vilberg Guðjónsson, lögfræðingur, LL.M., Íslandi, Dr. Ole Andreas Rognstad, Noregi, Dr. Jan Rosén, prófessor, Svíþjóð, Dr. Jens Schovsbo, dósent, Danmörku, Rainer Hilli, lögmaður, Finnlandi, Annika Ryberg, lögfræðingur, Svíþjóð, Dr. Viveca Still, Finnlandi, Astri M. Lund, lögmaður, Noregi og Per Karlsson, Svíþjóð.

Í umræðum um framtíð norræns samstarfs kom fram að norrænt samstarf á sviði löggjafar um hugverkaréttindi á undanförunum áratugum hefur leitt af sér samræmda og heildstæða löggjöf á Norðurlöndunum á þessu réttarsviði. Blikur eru hins vegar á lofti með framhaldið á hinu norræna lagasamstarfi sökum þess að frumkvæði að nýrri lagasetingu á sviði hugverkaréttar kemur nú í auknum mæli frá alþjóðlegum viðskiptasamningum, alþjóðlegum samningum á sviði hugverkaréttar og ekki síst frá framkvæmdstjórn ESB í Brussel. En Norðurlöndin eru sem kunnugt er, öll þátttakendur á hinu evrópska efnahagssvæði, þrátt fyrir að Noregur og Ísland séu ekki beinir þátttakendur í löggjafarsamstarfi innan ESB. Í ljósi þessarar staðreyndar var fjallað um möguleika þess að Norðurlöndin vinni áfram saman að hagsmuna-

málum sínum á sviði hugverkaréttar í gegnum stofnanir eins og ESB, Alþjóða hugverkastofnunina (WIPO) og Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO).

Árni Vilhjálmsson og Martti Enäjärvi, forstjóri finnsku einkaleyfastofunnar, gerðu að umtalsefni ójafna stöðu Íslendinga og Finna í norrænu samstarfi, sem ekki eiga þess kost að tala sitt eigi móðurmál eins og hinar Norðurlandabjóðirnar. Fjölluðu þeir um hvort hið norræna samstarf mætti vegna þessa framvegis fara fram á heimstungumálinu ensku. Ekki kom til atkvæðagreiðslu um tillöguna.

Lauk ráðstefnunni með því að boðað var til næstu ráðstefnu (27. ráðstefnu NIR) í Svíþjóð að tveimur árum liðnum, árið 2004.

Til frekari upplýsinga um SVESI og NIR skal bent á heimasíður samtakanna: www.svesi.is og www.nir.nu

**Þýðingar
og textaráðgjöf**

**Löggiltar og almennar þýðingar
á ensku, norðurlandamál,
frönsku, þýsku og rússnesku
(níu þýðendur og túlkar).**

Dóm og skýrslutökutúlkun.

Ellen Ingvadóttir
Löggiltur dómtúlkur og skjalþýðandi.
Laugavegi 163a - sími: 562-6588
bréfsími: 562-6551 - GSM: 897-2717
netfang: ellening@simnet.is

Fréttir frá félagsdeild

HAUSTIÐ er gengið í garð eftir Sólár- og rigningarríkt sumar, allt eftir því hvar maður er staddur hverju sinni.

Félagsdeild hefur verið að sýsla við ýmis málefni svo sem undirbúning námskeiðahalds, námsferðina til New York, uppfærslu á heimasíðu félagsins og fleira.



**Jóna K.
Kristinsdóttir**

Heimasíða LMFÍ.

Í júní árið 2001 var ný útgáfa af heimasíðu félagsins opnuð á Þingvöllum. Góð heimasíða þarf stöðugt að vera í endurskoðun og þarf að gera breytingar í samræmi við þarfir lögmanna. Töluverðar breytingar hafa verið gerðar í sumar og má þar nefna að nú er hægt að prenta út handbók lögmanna, þar á meðal félagatalið. Hér áður fyrr var handbókin prentuð og send út einu sinni á ári. Þeir sem til þekkja vita að eftir fyrsta mánuðinn var bókin orðin útkrotuð þar sem menn eru stöðugt að flytja eða breyta um símanúmer. Með tilkomu handbókarinnar á heimasíðunni eru allar breytingar á félagatalinu uppfærðar um leið. Einnig er hægt að prenta út aðra hluta handbókarinnar.

Fulltrúar skráðir.

Í fyrri útgáfu heimasíðunnar komu einungis fram í liðnum „leit að lögmanni“, sjálfstætt starfandi lögmenn og vantaði þar inn skráningar á fulltrúum með réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi. Hefur þessu verið breytt og birtast allir fulltrúar þegar verið er að leita að lögmanni og þeir merktir sem slíkir. Þjónustuskrá lögmanna hefur einnig verið þýdd á ensku og dönsku fyrir erlenda aðila sem vantar lögmenn. Þess má geta að fjöldi lögmanna hefur nú skráð sérsvið sín undir flokkun „leit að lögmanni eftir þjónustuskrá“. Þá birtast mun ítarlegri upplýsingar um lögmanninn. Félagsmenn í félagsdeild fá 25% afslátt af skráningu í þjónustuskrá.

Reiknivélar á vefnum.

Félagsmenn í félagsdeild hafa nú aðgang að

reiknivélum á vefnum. Annars vegar er um að ræða reiknivél fyrir erfðafjárskatt og hins vegar reiknivél fyrir skuldabréf. Til stendur að auka slíka þjónustu fyrir lögmenn og bæta við reiknivélum. Samband íslenskra tryggingafélaga hefur gefið félagsdeild vilyrði fyrir því að lögmenn fái aðgang að forriti fyrir tryggingafélög vegna útreiknings á skaða- og örorkubótum, eins og áður hefur komið fram í blaðinu.

Samstarfssamningur LMFÍ við Láns- traust.

Gerður hefur verið samningur við Láns-
traust um aðgang að gagnasafni LT í bókasafni Lög-
mannafélagsins. Aðgangur er nú opinn öllum
lögmönnum að:

- Safni Hæstaréttardóma
- Lagaskrá
- VOG
- Safni ársreikninga, hýstu á www.lt.is

(Fyrstu 30 ársreikningarnar á mánuði eru ókeypis en greiða þarf kr. 610.- hvern hvern reikning umfram það)

Einnig hafa lögmenn aðgang að hlutafélagas-
skrá, þinglýsingarbókum, þjóðskrá og öku-
tækjaskrá gegn gjaldi skv. verðskrá hverju sinni.

Karnov á rafrænu formi.

Bókasafn félagsins hefur breytt áskrift sinni á
Karnov og UfR í rafræna áskrift.

Ákveðið var að kaupa áfram áskrift af UfR í
tímaritaformi. Félagið fékk úthlutað aðgangs-
orði og geta lögmenn nú leitað að nýjum lögum,
dómum og greinum á netinu um leið og þau
birtast í Karnov, í stað þess að bíða eftir næstu
bók.

Um miðjan september kom fulltrúi Thomson
Forlaget í Danmörku til Íslands og hélt nám-
skeið fyrir lögmenn og lögfræðinga í rafrænum
Karnov og UfR. Uppselt var á öll námskeiðin en
auk þess var haldin kynning fyrir bókaverði og
starfsmenn á lögmannsstofum í kennslusal
félagsins.

FÉLAGSDEILD LMFÍ efndi til kynnisferðar fyrir félagsmenn til New York í byrjun september. Þátttakendur voru alls 41. Ferðin hófst síðdegis miðvikudaginn 4. september. Fararstjórinn, Jóna Kristinsdóttir, hafði veg og vanda af undirbúningi ferðarinnar og hafði skipulagt heimsóknir á ýmsa staði á Manhattan, og hvarvetna var tekið afar vel á móti hópnum.

Að morgni fimmtudags fór hópurinn í kynnisferð í höfuðstöðvar Sameinuðu þjóðanna og fékk fræðslu um þá margþættu starfsemi sem þar fer fram. Eftir yfirferð um bygginguna var hlýtt á fræðslu um starfsemi stofnunarinnar á sviði mannréttinda (Office of the High Commissioner for Human Rights) og síðan hlýtt á erindi um stjórnmáladeild samtakanna (Department of Political Affairs). Að þessu loknu flutti Þórdís Ingadóttir lögfræðingur okkur erindi um Alþjóðasakamáladómstólinn, en Þórdís starfar hjá

Námsferð til New York

Ragnar H. Hall hrl. skráði

New York University Center of International Corporation. Þessi heimsókn var mjög skömmu fyrir setningu allsherjarþings SP og því mikið um að vera hjá starfsliði þeirra og aðildarríkjanna við undirbúning fyrir veturinn.

Síðdegis þennan dag var einn af dómstólum borgarinnar heimsóttur, The Supreme Civil Court of the State of New York. Við fengum þar fyrirlestur um dómskerfið í fylkinu, en dómskerfi Bandaríkjanna er eins og kunnugt er afar flókið og mismunandi milli fylkja. Gríðarlegur mála fjöldi fer fyrir dómstólana í borginni, og ávallt í gangi þar einhver mál sem vekja heimsathygli.

FRAMHALD

Námskeið á næstunni

Félagsdeild stendur fyrir fjölda námskeiða í vetur bæði fyrir lögmenn og starfsfólk. Er fjallað sérstaklega um námskeiðin í blaðinu. Fyrir lögmenn er boðið upp á námskeið í skiptum á dánarbúum, þrotabúum og námskeið í greiðslu- og nauðasamningum. Einnig er boðið upp á námskeið um Evrópurétt og hugverkarétt. Einar Thoroddsen læknir mun halda vínsmökkunar námskeið í nóvember. Sú nýjung verður að boðið verður upp á námskeið í skyndihjálp og endurlífgun með Rauða krossinum. Lögmenn og starfsmenn geta annað hvort komið til félagsins á námskeið eða samið um að fá námskeið á vinnustaðinn.

Samningur við Viðskipta- og tölvuskólann.

Félagsdeild hefur samið við Viðskipta- og tölvuskólann í Faxafeni 10 um afslátt af tölvu-

námskeiðum fyrir lögmenn og starfsmenn en upphaflega var samningurinn gerður við Tölvuskóla Reykjavíkur sem Viðskipta- og tölvuskólinn yfirtók í haust.

Starfsmannabreytingar hjá félagsdeild.

Sú sem þetta skrifar var ráðin starfsmaður félagsdeildar í byrjun ársins 2000 í 68% starf. Í júní síðastliðnum sagði ég upp starfi mínu hjá félaginu þar sem ég hef ákveðið að fara að vinna 100% starfshlutfall. Ég vil þakka lögmönnum og lögfræðingum sem hafa lagt sitt af mörkum til þess að gera félagsdeildina að veruleika og styrkt deildina með félagsaðild sinni og öðrum stuðningi. Sérstaklega vil ég þakka öllum þeim aðilum sem ég hef starfað með í ritnefnd, fræðslunefnd, bókasafnsnefnd og skemmtinefnd. Nýr starfsmaður mun taka við starfi mínu bráðlega og óska ég honum góðs gengis.



Hópurinn fyrir utan skrifstofu Lögmannafélagsins í New York.

Eftir að hafa hlýtt á stutta yfirferð um dómskerfið, þar sem alls kyns spurningum um kvíðdómskerfið var skilmerkilega svarað, var boðið upp á að fylgjast með yfirstandandi þinghaldi í sakamáli þar sem fullskipaður kvíðdómur var að hlýða á yfirheyrslur yfir sakborningi og vitnum. Það mál mun varla fara í heimsfréttirnar, jafnvel þótt gestir frá LMFÍ hafi um tíma fylgst með yfirheyrslunum.

Að loknum fræðsluþingunum dagsins gerðu menn sig klára fyrir heimsókn til fastafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, Þorsteins Ingólfssonar, sem ásamt eiginkonu sinni, Hólmsfríði Kofoed-Hansen, hafði boðið hópnum upp á hressingu síðdegis. Þau tóku á móti okkur á heimili sínu, sem er á miðri Manhattan, og höfðu jafnframt boðið þangað öðru starfslíði Íslands hjá SP

Lögmenn á leið í dómhúsið.



og ýmsum fleiri gestum í tilefni af heimsókn okkar. Móttaka þeirra hjóna var mjög hlýleg og höfðingleg og var þanra afar ánægjulegur mannfagnaður. Allir komu kátir á staðinn og fóru flestir þaðan enn kátari.

Snemma morguns daginn eftir hélt hópurinn í kauphöllina í New York (New York Stock Exchange). Höfðu verið gerðar ráðstafanir til að við gætum fylgst með starfseminni þegar hún byrjar kl. 9.30 að morgni, en það gerist ávallt með nokkrum tilþrífum. Gríðarlegar öryggisráðstafanir eru í öllu nágrenni byggingar kauphallarinnar eftir atburðina 11. september 2001, en það hafðist þó að koma okkur í hús þar í tæka tíð fyrir opnun viðskipta. Að lokinni stuttri kynningu á starfseminni var okkur boðið inn í sérstakt rými, sem er einhvers konar áhorfendasvæði, þaðan sem hægt er að horfa yfir viðskiptasvæðið. Á slaginu kl. 9.30 er slegið í sérstaka bjöllu, sem komið er fyrir á svölum inni í byggingunni, en á svölunum geta nokkrir menn staðið. Daglega er einhver gestur á svæðinu sem fær að slá á bjölluna, og virðist sem það sé sérstakur virðingavottur við þann sem fær að vera bjöllusauður hverju sinni. Eftir að hafa fylgst með þessu var hópnum aftur boðið inn í fræðsluhornið á staðnum og þá til að sjá myndband um kauphöllina. Lítinn fróðleik var þó þar að hafa um annað en 11. september 2001 og afleiðingar þess sem þá gerðist fyrir andlega heilsu þeirra sem þarna starfa.

Að lokinni heimsókn í kauphöllina var haldið í höfuðstöðvar lögmannafélags borgarinnar (Association of the Bar of the City of New York). Þessi

félagsskapur var stofnaður 1870 og er því liðlega 130 ára gamall. Félagsmenn eru heldur fleiri en í LMFÍ – rúmlega 22.000 talsins. Höfuðstöðvar félagsins eru í gömlu og virðulegu húsi á miðri Manhattan, og starfsemin er mjög umfangsmikil. Framkvæmdastjóri félagsins tók á móti hópnum og flutti stutt erindi um félagið og starfsemi þess. Síðan var bókasafnið skoðað, en það er gífurlega stórt og er í raun stolt félagsins. Þar hefur verið sett upp „Technology Center“ til að veita félagsmönnum sem víðtækasta tölvu- og heimildarþjónustu.

Næst var farið í heimsókn í höfuðstöðvar Skadden, Arps – stærstu lögmannsstofu borgarinnar. Hún var stofnuð í apríl 1948 af þremur lögmonnum. Hún hefur nú starfsstöðvar í 23 borgum víða um heim og í þeim starfa u. þ. b. 1700 lögmennt. Í höfuðstöðvunum í New York starfa 770 lögmennt. Þarna var hópnum boðið í fundarsal þar sem hlýtt var á stuttar en hnitmiðaðar frásagnir sex stjórnenda í fyrirtækinu sem vinna að mismunandi verkefnum. Þetta var mjög skemmtilega undirbúið af þeirra hálfu, og í kjölfarið svöruðu þeir spurningum okkar um fyrirtækið, reksturinn og daglega starfsemi.

Eftir heimsóknina til Skadden, Arps var farið í skrifstofur Kaupþings New York, Inc., en það félag er móðurfélag Kaupþing Securities, Inc., sem fékk starfsleyfi sem bandarískt verðbréfafyrirtæki 2. apríl 2001. Fyrirtækið býður marghátaða fyrirtækjaþjónustu, miðlun verðbréfa og sjóðsstýringu. Skrifstofur fyrirtækisins eru á Park Avenue á miðri Manhattan. Stjórnendur félagsins tóku á móti hópnum og skýrðu starfsemi fyrirtækisins, en þeir höfðu jafnframt reynst afar hjálplegir við undirbúning heimsóknar okkar í kauphöllina. Að kynningunni lokinni var boðið upp á léttar veitingar.

Með þessari síðastnefndu móttöku lauk eiginlegri dagskrá ferðarinnar og nutu menn lífsins í



Jóna og atvinnulaus lögmaður á Manhattan.

mikilli veðurbliðu í borginni fram á sunnudagskvöld, en þá var haldið heim á leið.

Hvarvetna þar sem hópnum kom á framangreinda staði var tekið afar vel á móti honum og sýnilegt að fararstjórinn hafði séð svo um að hópnum fengi hæfilega fræðslu á hverjum stað. Formaður félagsins, Gunnar Jónsson hrl., hafði orð fyrir hópnum á hverjum stað og afhenti þakklætisvott frá félaginu fyrir móttökurnar.

Sá sem þetta ritar var afar ánægður með skipulag og framkvæmd alla af hálfu félags okkar í þessari ferð, og er viss um að hann mælir fyrir hönd allra ferðalanganna þegar hann hér með flytur Jónu Kristinsdóttur alúðarþakki fyrir frábæran undirbúning og skipulagningu þessarar ferðar. Þar sem hún er nú að skipta um starfsvettvang óskum við ferðafélagarnir henni alls velfarnaðar í framtíðinni.



Hlýtt á fyrirlestur hjá Sameinuðu þjóðunum.

Námskeið fyrir lögmenn.

Vínskólkunarnámskeið með Einari Thoroddsen lækni.

7. nóvember 2002.

Námskeiðið verður haldið fimmtudagskvöldið 7. nóvember. Einar kemur með nokkrar tegundir af rauðvínum frá helstu vínættarhéruðum fyrir vestan og sunnan. Þátttakendur fá að smakka og skoða vín með augum sérfræðingsins.

Staður: Kennslustofa LMFÍ að Álftamýri 9, Reykjavík.

Tími: 7. nóvember kl. 20:00.

Verð: kr. 4.000.- fyrir félagsdeild.
kr. 5.000.- almennt verð.

Skráning fer fram hjá félagsdeild í síma 568-5620 eða með tölvupósti á netfang jonak@lmfi.is

Skipti dánarbúa

18. og 20. nóvember 2002.

Fjallað verður um ferlið við skipti á dánarbúum, allt frá skyldum skiptastjóra til endanlegra skipta og skýrslu skiptastjóra. Fjallað verður sérstaklega um skattalega hluta skiptanna.

Umsjónarmaður: Steinunn Guðbjartsdóttir hdl.

Staður: Háskólinn í Reykjavík

Tími: 18. og 20. nóvember 2002
frá kl. 16:00-19:00. 2 x 3 tímar

Verð: 27.000.-

Skráning fer fram hjá Háskólanum í Reykjavík í síma 510 6200. Allar upplýsingar veitir Þór Clausen.

Greiðslustöðvun og nauðasamningar.

Janúar 2003.

Fjallað verður um öll stig greiðslustöðvunar og nauðasamninga, allt frá skilyrðum heimildar til greiðslustöðvunar, réttaráhrifum og lokum greiðslustöðvunar. Einnig verður fjallað um nauðasamninga, almenn ákvæði og réttaráhrif þeirra. Þá verður fjallað um heimild til að leita nauðasamninga og fleira því tengt.

Kennari: Kristinn Bjarnason hrl.

Staður: Háskólinn í Reykjavík

Tími: Janúar 2003. Nánar auglýst síðar.
2 x 3 tímar

Verð: kr. 27.000.-

Skráning fer fram hjá Háskólanum í Reykjavík í síma 510 6200. Allar upplýsingar veitir Þór Clausen.

Skiptastjórn þrotabúa

Vorönn 2003.

Fjallað verður um ferlið við skipti þrotabúa, allt frá skyldum skiptastjóra til endanlegra skipta og skýrslu skiptastjóra.

Kennari:

Staður: Háskólinn í Reykjavík

Tími: Vorönn 2003. Nánar auglýst síðar.
2 x 3 tímar

Verð: 27.000.-

Skráning fer fram hjá Háskólanum í Reykjavík í síma 510 6200. Allar upplýsingar veitir Þór Clausen.

Höfundaréttur og hugverkasamningar.

Vorönn 2003.

Almenn umfjöllun um höfundarétt. Fjallað um lagamma sem tengjast höfundarétti og hugverkasamningum og þeim réttindum sem þeim fylgja. Einnig verður fjallað sérstaklega um vernd tölvuforrita og gagnabanka. Skoðuð verða réttindi varðandi Internetið og gagnabanka.

Kennarar: Erla S. Árnadóttir hrl.,

Ragnar Tómas Árnason hdl. og
Tómas Þorvaldsson hdl.

Staður: Háskólinn í Reykjavík

Tími: Vorönn 2003. Nánar auglýst síðar.
3 x 3 tímar

Verð: 29.000.-

Skráning fer fram hjá Háskólanum í Reykjavík í síma 510 6200. Allar upplýsingar veitir Þór Clausen.

Evrópuréttur.

Vorönn 2003.

Almenn umfjöllun um Evrópurétt. Fjallað verður um grunnuppbyggingu réttarkerfis Evrópubandalagsins og þær stofnanir sem Evrópubandalagið samanstendur af. Einnig verður fjallað sérstaklega um fjórfrelsið og fleiri atriði.

Kennari: Einar Páll Tamimi lektor við lagadeild HR og forstöðumaður Evrópuréttarstofnunar HR.

Staður: Háskólinn í Reykjavík

Tími: Vorönn 2003. Nánar auglýst síðar.
2 x 3 tímar

Verð: 27.000.-

Skráning fer fram hjá Háskólanum í Reykjavík í síma 510 6200. Allar upplýsingar veitir Þór Clausen.

A man in a dark suit and tie is standing in a library, looking down at an open book he is holding. The library shelves are filled with many books, and the lighting is warm and focused on the man.

Er þín starfsemi tryggð?

Þú færð starfsábyrgðartryggingu lögmanna hjá VÍS sem býður fjölbreytt úrval váttrygginga fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Samkvæmt lögum nr. 77/1998 þurfa lögmenn að hafa starfsábyrgðartryggingu. Hringdu í síma 560 5060 og fáðu nánari upplýsingar.



VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF

Ármúla 3, 108 Reykjavík, 560 5060, www.vis.is